



Akureyri

2017

Akureyrarbær
Ársskýrsla



Akureyri

Akureyrarbær

Geislagötu 9
600 Akureyri
Sími 460 1000
Fax 460 1001

www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á vef bæjarins.

Útgefandi:	Akureyrarbær 2018
Umsjón:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Yfirllestur og prófarkir:	Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm
Ljósmyndir:	Daniel Starrason
Mynd af bæjarstjóra:	Auðunn Nielsson
Hönnun og umbrot:	Ásprent - hönnunardeild
Prentun og bókband:	Ásprent

Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra	4
Stjórnkerfisbreytingar	5
Bæjarstjórn og bæjarráð	5
Búsetusvið	6
Fjársýslusvið	8
Fjölskyldusvið	9
Fræðslusvið	12
Samfélagssvið	16
Skipulagssvið	23
Stjórnsýslusvið	25
Umhverfis- og mannvirkjasvið	28
Öldrunarheimili Akureyrar	31
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum 31. desember 2017	33





Akureyri



Ávarp bæjarstjóra

Árið 2017 byrjaði afar vel en 4. janúar fæddist litill drengur sem taldist vera Akureyringur númer 18.500 og er fjölgunin í bænum á árinu afar ánægjuleg. Akureyrarbæ er annt um sína íbúa. Ungmenni og það starfsfólk sem vinnur með þeim leggur mikinn metnað í sín störf og fjölbreytt verkefni urðu að veruleika á árinu þar sem ungmenni og fjölskyldur eru í forgrunni, s.s. ísskápssegullinn með upplýsingum um skjánotkun sem dreift var inn á öll heimili á Akureyri og einnig dagatalið sem hafði það að markmiði að hvetja fjölskyldur til uppbyggilegrar samveru. Að sama skapi er það fagnaðarefni að frístundastyrkur fyrir ungmenni var hækkaður um 25% á árinu og að ákveðið var að Akureyrarbær mundi greiða að fullu fyrir námsgögn nemenda á grunnskólastigi.

Strax í upphafi árs tóku gildi hjá Akureyrarbæ umfangsmiklar stjórnsýslubreytingar sem hafa það markmið að laga stjórnsýslu bæjarins að breyttum tímum og ná fram aukinni skilvirkni til hagsbóta fyrir bæjarbúa. Störf átta embættismanna voru lögð niður og til urðu fjögur ný störf sviðsstjóra og einnig voru nefndir sameinaðar. Áhersla hefur verið lögð á að hefjast handa við umbótaverkefni, s.s. rafræna stjórnsýslu og er opið bókhald hluti af henni en þá er hægt að fylgjast með öllum útgjaldaliðum á heimasíðu bæjarins. Einnig var opnuð ný íbúagátt á endurbættri heimasíðu en með nýju íbúagáttinni geta bæjarbúar sótt rafrænt um ýmsa þjónustu á vegum bæjarins og fylgst með afgreiðslu erinda sinna.

Mikil vinna hefur átt sér stað á árinu við Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030. Drögin að skipulaginu lágu fyrir í byrjun mars og var haldinn kynningarfundur í Hofi í lok þess mánaðar og í kjölfarið gafst íbúum og öðrum hagsmunaaðilum kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem farið var yfir af skipulagsráði. Þann 5. september samþykkti bæjarstjórn að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og var erindi um það sent Skipulagsstofnun og óskað eftir heimild til lögformlegrar auglýsingar. Eftir að auglýsingin birtist gafst aftur

kostur á að senda inn athugasemdir og ábendingar og voru haldnir þrír kynningarfundir þar sem fjallað var um skipulagsdrögin út frá mannfjölda, húsnæðismálum og þéttingu byggðar, útivist og grænum svæðum bæjarins og samgöngumálum og atvinnustarfsemi. Fundirnir voru vel sóttir auk þess sem þeim var varpað beint á netinu og þeir teknir upp. Þegar þessari vinnu lýkur með samþykkt á nýju aðalskipulagi verður búið að varða mikilvæga leið í framtíðarsýn sveitarfélagsins til ársins 2030.

Þegar lítið er yfir það helsta sem gerðist á síðasta ári er manni gjarnan tamt að líta til þess allra umfangsmesta svo sem þess sem talið er upp hér að ofan, svo ekki sé nú minnst á stórframkvæmdir á borð við vígslu rennibrautanna þriggja í Sundlaug Akureyrar, vígslu á nýju íþróttahúsi við Naustaskóla, vígslu listaverksins Orbis et Globus í Grímsey og vígslu minnismerkis um Kristján Níels Júlíus Jónsson eða Káinn. Hins vegar er það svo að oft eru það viðburðir af öðrum toga sem við tengjum best við, s.s. sigur Síðuskóla í Skólahreysti, frábær afmælisveisla vegna 60 ára afmælis Oddeyrarskóla, heiðrun fjögurra starfsmanna bæjarins eða þegar lið Þórs/KA í knattspyrnu kvenna fagnaði Íslandsmeistaratitli. Þetta var gott og gjöfult ár og við munum halda þeirri vegferð áfram með það í huga að gera enn betur fyrir bæjarbúa.

Eiríkur Björn Björgvinsson,
bæjarstjóri á Akureyri

Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Íbúaskrá Akureyrar
1. desember 2017 voru íbúar Akureyrar þá
18.788 og hafði fjölgað um 316 eða um 1,71%
á milli ára.

Karlar voru 9.378 og konur 9.410. Þar af eru
Hríseyingar 151 og Grímseyingar 72.



Frá 2. desember 2016 til 1. desember 2017
fæddust 237 börn en 134 bæjarbúar létust.

Aðfluttir umfram brottflutta voru 213.

Elsti íbúi bæjarins 1. desember 2017 var
Axel Jóhannesson, fæddur 22. febrúar 1916.



Stjórnkerfi Akureyrarbæjar



Stjórnkerfisbreytingar

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 4. október 2016 breytingar á stjórnskipulagi bæjarins sem tók gildi 1. janúar 2017. Breytingarnar voru í samræmi við tillögur sem byggðar voru á greiningu og mati ráðgjafa, umræðum á fundum stjórnkerfisnefndar bæjarráðs ásamt samtölum og vinnustofum með starfsfólki bæjarins. Markmið breytinganna var að laga stjórnsýsluna að breyttum tímum og ná fram aukinni skilvirkni til hagsbóta fyrir bæjarbúa.

Breytingarnar fólu í sér fækkun stjórnsýslueininga úr 14 í 10. Deildir með skylda starfsemi voru sameinaðar í svið með það að markmiði að auka faglegan styrk, yfirsýn og að stytta boðleiðir. Þannig voru fjármálaþjónusta og hagþjónusta sameinaðar í fjársýslusvið og starfsmannþjónusta og skrifstofa Ráðhúss sameinaðar í stjórnsýslusvið. Framkvæmdadeild og Fasteignir Akureyrarbæjar voru sameinuð í umhverfis- og mannvirkjasvið og samfélags- og mannréttindadeild og Akureyrarstofa sameinuð í samfélagssvið. Verkefni skólateymis á fjölskyldudeild voru færð til fræðslusviðs og húsnæðisskrifstofa færð frá fjármálaþjónustu til fjölskyldusviðs.

Með þessu urðu til sex þjónustusvið: Fjölskyldusvið, búsetusvið, fræðslusvið, umhverfis- og mannvirkjasvið, skipulagssvið og samfélagssvið og tvö stoðsvið: stjórnsýslusvið og fjársýslusvið. Þá fólst í tillögunum skoðun á rekstrarfyrirkomulagi Öldrunarheimila Akureyrarbæjar auk breyttra áherslna í störfum bæjarlögmanns.

Til samræmis við hið nýja sviðafyrirkomulag voru eftirtaldir breytingar gerðar á nefndafyrirkomulagi: Umhverfisnefnd, framkvæmdaráð og stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar voru sameinuð í umhverfis- og mannvirkjaráð, íþróttaráð og samfélags- og mannréttindaráð voru sameinuð í frístundaráð og verkefni atvinnuálanefndar færð til stjórnar Akureyrarstofu.

Sviðsstjórar voru ráðnir við upphaf ársins 2017:

Búsetusvið:

Jón Hrói Finnsson

Fjársýslusvið:

Dan Jens Brynjarsson

Fjölskyldusvið:

Guðrún Sigurðardóttir

Fræðslusvið:

Soffía Vagnsdóttir

Umhverfis- og mannvirkjasvið:

Guðríður Friðriksdóttir

Skipulagssvið:

Bjarki Jóhannesson

Samfélagssvið:

Kristinn Jakob Reimarsson

Stjórnsýslusvið:

Halla Margrét Tryggvadóttir

Öldrunarheimili Akureyrarbæjar:

Halldór Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri

Bæjarstjórn og bæjarráð

Á árinu var haldinn 21 fundur í bæjarstjórn og 44 fundir í bæjarráði.

Á fundi bæjarstjórnar þann 6. júní 2017 var Matthías Rögnvaldsson kjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs, Sigríður Huld Jónsdóttir 1. varaforseti og Gunnar Gíslason 2. varaforseti.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson var kjörinn formaður bæjarráðs og ásamt honum voru kosin í bæjarráð Sigríður Huld Jónsdóttir varaformaður, Matthías Rögnvaldsson, Gunnar Gíslason og Sóley Björk Stefánsdóttir, Preben Jón Pétursson er áheyrnarfulltrúi í bæjarráði.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa, hverfisnefndir og –ráð

Yfir vetrartímann eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa og eru þeir haldnir að jafnaði tvisvar í mánuði og voru þeir alls 15 á árinu. Viðtalstímarnir eru haldnir í Ráðhúsinu. Í viðtalstímum eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka þeir við erindum, fyrirsprungnum og ábendingum íbúa bæjarins. Erindin eru færð til bókar og eru fundargerðir viðtalstímanna lagðar fram í bæjarráði þar sem erindunum er vísað áfram í bæjarkerfinu.

Hverfisnefndir voru starfandi í öllum hverfum bæjarins á árinu. Hverfisnefndir geta beitt sér fyrir ýmsum umbótum hver í sínu hverfi, annað hvort með aðgerðum íbúanna sjálfra eða með því að þrýsta á bæjaryfirvöld. Á árinu voru einnig starfandi hverfisráð í Hrísey og Grímsey.




Búsetusvið

Búsetusvið veitir margvíslega þjónustu sem ætlað er að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkandi aldri, fötlun eða veikindum. Helstu þættir í þjónustu sviðsins 2017 voru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, sértæk heimaþjónusta við aldraða og fatlað fólk, frekari liðveisla við fatlað fólk, búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk, skammtíma- og skólavistun fatlaðs fólks og ráðgjöf iðjuþjálfar. Stærstu notendahóparnir eru eldri borgarar og fatlað fólk. Auk þess að veita íbúum Akureyrar þjónustu, meta starfsmenn sviðsins þjónustuþörf umsækjenda úr Eyjafjarðarsveit, Grýtbakkahreppi, Hörgársveit og Svalbarðsstrandahreppi, og veita sveitarfélögunum ráðgjöf um afgreiðslu umsókna samkvæmt samningum þar að lútandi. Búsetusvið starfar eftir hugmyndafræði Valdeflingar, þjónandi leiðsagnar og Skaðaminnskandi nálgunar. Lögð er áhersla á að laga þjónustuna að þörfum hvers og eins fyrir stuðning.

Í árslok voru starfsmenn sviðsins 268 talsins í 202 stöðugildum. Af starfsmönnum sem voru í starfsprósentu voru 90 karlar í 73,5 stöðugildum og 178 konur í 128,2 stöðugildum. Karlar voru því í 36 % stöðugilda og konur voru 64 % stöðugilda, sem er sambærilegt við undangengin ár. Að auki var 81 í tímavinnu á sviðinu, 41 í félagslegri liðveislu og 40 á öðrum kostnaðarstöðvum. Búsetusvið hefur þá stefnu að auka þekkingu allra starfsmanna jafnframt því að auka fagmönnum innan sviðsins. Í dag starfa fagmenntaðir starfsmenn í 50 stöðugildum sem er 25 % af heildarstöðugildum.


Hlutfallsleg kynjaskipting stöðugilda



Heimaþjónusta

Félagsleg heimaþjónusta eykst jafnt og þétt í takt við þá stefnu að sem flestir skuli búa á eigin heimili í stað þess að flytja á stofnun vegna sjúkdóma eða fötlunar. Þjónustan er margvísleg, allt frá því að vera minniháttar aðstoð við heimilishald upp í að vera mjög umfangsmikil þjónusta þar sem veitt er aðstoð við allar athafnir daglegs lífs og til þátttöku í samfélaginu. Fjöldi heimila sem fékk heimaþjónustu á árinu 2017 var 658 og á þeim heimilum bjuggu 912 einstaklingar. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn alla daga ársins en næturvakt er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Í hópi aldraðra þjónustuþega eru konur 61 % en karlmenn 39 %. Í töflu hér að neðan er nánari skipting á hlutföllum þjónustuþega eftir fjölskyldustöðu. Almenn félagsleg heimaþjónusta er veitt alla daga ársins. Athyglisvert er að frá árinu 2010-2017 hefur einhleypum körlum sem nýta sér heimaþjónustu fjölgað úr 62 í 110 eða um 56 %.

Einstaklingar með heimaþjónustu eftir fjölskyldustöðu




Fjöldi vinnustunda á ári eftir verkum



Helstu þjónustuþættir í heimaþjónustu eru annars vegar aðstoð við heimilisstörf og hins vegar persónuleg þjónusta á borð við öryggisinnlit, eftirlit með lyfjatöku, aðstoð við erindarekstur, félagslegur stuðningur og heimsendur matur. Flestir þjónustutímar eru hjá einstaklingum sem eru með bæði þríf og persónulega þjónustu. Það er þó athyglivert að veruleg fjölgun hefur orðið í þjónustutímum til einstaklinga með persónulega þjónustu eingöngu. Þar er 71 % aukning frá 2016 og 230 % aukning frá 2011. Þetta má meðal annars rekja til þess að fleiri þjónustuþegar eru 80 ára og eldri og dvelja heima þrátt fyrir hrakandi heilsu, en 52 % þessa aldurshóps á Akureyri eru með heimaþjónustu. Einnig er verið að sinna fleiri heimilum vegna tímabundinna aðstæðna eins og fjölburaðinga.

Heimaþjónusta 2017


Aldurs- og kynjaskipting þjónustuþega 65+



Ráðgjöf iðjuþjálfar

Á búsetusviði starfa iðjuþjálfar sem veita ráðgjöf um líkamsbeitingu, notkun hjálpartækja, aðlögun húsnæðis og fleira. Markmið iðjuþjálfunar er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann verði eins sjálfbjarga og mögulegt er við þá iðju sem honum er mikilvæg. Árið 2017 fékk 281 einstaklingur ráðgjöf sem er veruleg aukning frá árinu á undan. Af þjónustuþegum á árinu voru 67 % konur sem er svipað kynjahlutfall og síðustu ár þrátt fyrir að þjónustubeiðnum hafi fjölgað verulega. Þjónustubeiðnum hefur fjölgað úr 90 árið 2007 í 281 árið 2017 eða um 210 %.

Ráðgjöf iðjuþjálfar 2015-2017




Búsetuþjónusta

Búsetusvið rekur 12 búsetukjarna fyrir fatlað fólk með mikla þjónustuþörf þar sem veitt er aðstoð við athafnir daglegs lífs allan sólarhringinn, auk áfangaheimilis fyrir fólk með geðrænan vanda. Einnig er veitt umfangsmikil búsetuþjónusta á heimilum fatlaðs fólks sem býr í húsnæði á eigin vegum (utankjarnþjónusta og sértaek heimþjónusta).

Árið 2017 nýttu 118 einstaklingar þessa þjónustu. Af þeim íbúum sem bjuggu í búsetukörnum bjuggu sex einstaklingar á áfangaheimili sem er tímabundin búseta fyrir fólk með geðraskanir. Þar er veittur stuðningur og aðstoð sem miðar að því að fólk geti lifað án eða með lítilli aðstoð í framtíðinni. Árið 2017 voru 3 einstaklingar í sérstakri öryggisvistun. Þrjú herbergjasambýli eru enn starfrækt á vegum Akureyrarbæjar. Þar búa 16 einstaklingar en stefnt er að því að bjóða þeim búsetu í íbúðum á næstu árum.

Búsetuþjónusta var veitt á heimilum 52 einstaklinga sem ekki búa í sambýlum eða kjörnum, þ.e. 24 kvenna og 28 karlanna. Tólf þessara einstaklinga fengu þjónustu frá búsetukjarna, svokallaða utankjarnþjónustu og 40 fengu frekari liðveislu frá heimþjónustu Akureyrar.


Búsetuþjónusta 2017




Skammtímaþjónusta

Skammtímaþjónusta fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með verulega fötlun eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenntu og fullorðin fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Skammtímaþjónusta býður upp á neyðarvistun ef óvænt atvik eða áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda. Í skammtímaþjónustu voru alls 19 einstaklingar á árinu, 11 voru yngri en 18 ára en 8 fullorðin. Undanfarnir ár hafa eldri notendur farið í búsetuúrræði og yngri börn sem þurfa mikla þjónustu komið inn í staðinn. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustu árið 2017 voru 1.588, þar af 39 neyðarvistunarsólarhringar. Boðið er upp á skólavistun frá kl. 13-17 virka daga fyrir börn/ungmenntu á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímann er boðið upp á vistun fyrir sama markhóp en 6-9 ára börn bætast við. Í boði eru ýmis tómstundatilboð, frjáls leikur, útvera og vettvangsferðir. Alls nýttu 18 börn og fjölskyldur þeirra sér þessa þjónustu árið 2017.

Skammtímaþjónusta 2012-2017



Sólarhringar í skammtímaþjónustu 2012-2017



Félagsleg liðveisla

Félagsleg liðveisla er ætluð þeim sem þurfa félagslegan stuðning með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun og styrkja viðkomandi einstaklinga í félagslegum samskiptum. Markmiðið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar og félagslífs. 110 einstaklingar nutu þjónustu félagslegrar liðveislu til lengri eða skemmri tíma á árinu 2017. Til að koma til móts við biðtíma eftir liðveislu var boðið upp á hópliðveislu í Rósenborg í samstarfi við samfélagssvið fyrir drengi á aldrinum 10 til 16 ára. Alls tóku 5 drengir þátt í verkefninu. Árið 2016 var í fyrsta skipti boðið upp á hópliðveislu fyrir stúlkur en þátttaka reyndist ekki nóg til að halda þessu áfram árið 2017.

Ný þjónusta 2017

Á árinu 2017 var þremur nýjum verkefnum hrundið af stað. Tvö þessara verkefna varða úrræði og afþreyingu fyrir börn og fullorðna yfir sumartímann en þriðja verkefnið miðar að því að auka lífsleikni ungra einstaklinga með verulegar stuðningsþarfir sem sótt hafa um búsetuúrræði. Einnig var unnið að undirbúningi nýs þjónustukjarna með 6 íbúðum sem tekinn verður í notkun árið 2019.

Lífsleikni

Tilgangur þjónustunnar er að veita einstaklingum, sem lokið hafa námi á starfsbraut VMA og sótt um búsetuúrræði hjá búsetusviði, þjálfun til að búa þá undir sjálfstæða búsetu. Þjálfunin er einstaklingsmiðuð og byggð á Vineland-hæfnimati, sem gefur mynd af veikleikum og styrkleikum þátttakendanna og þeim þáttum sem leggja þarf áherslu á í þjálfun. Matið tekur m.a. til samskiptaforms og samskiptahæfni, þekkingar á athöfnum daglegs lífs, félagsfærni og hreyfifærni.

Kappar - sumarúrræði fyrir börn

Kappar er sumarúrræði fyrir fötluð börn á aldrinum 7-9 ára sem ekki tilheyra markhópi skammtímaþjónustunnar í Þórunnarstræti 99, en geta illa eða ekki nýtt sér almenn frístundatilboð. Markmið verkefnisins er að veita hópnun tómstundaþjónustu þar sem leitast er við að bjóða upp á afþreyingu sem er sniðin að þeirra þörfum.

Árið 2017 féllu um 30 börn undir þessa skilgreiningu og af þeim þáðu 14 börn boðið. Boðið var upp á þjónustu í 8 vikur.

Tómstundastarf fyrir fullorðna

Sumarið 2017 var boðið upp á tómstundadagskrá fyrir fatlað fólk í aðstöðu Skógarlunda, miðstöðvar virkni og hæfingar, á meðan starfsemi Skógarlunda lá niðri vegna sumarleyfa starfsfólks. Markhópurinn var sá hópur sem alla jafna nýtir sér þjónustu Skógarlunda. Boðið var upp á ýmis konar afþreyingu sem miðaðist við áhugasvið og getu þessa hóps, s.s. einfaldan dans, slökun, bingó, nudd, listsköpun og tónlistaratriði.



Fjársýslusvið

Bæjarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2017 þann 11. desember 2016. Á árinu 2017 samþykkti bæjarstjórn 9 viðauka við fjárhagsáætlun ársins. Hrein áhrif viðaukanna voru 156 millj. kr. viðbótarrekstrarútgjöld.

Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar gekk vel á árinu 2017 þrátt fyrir mjög háa gjaldfærslu vegna breytinga á lífeyrisskuldbindingum og var Akureyrarbær rekinn með 557 millj. kr. afgangi sem var nokkru betri árangur en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Sjóðstreymi ársins var líka betra en árið áður.

Samstæða Akureyrarbæjar, þ.e. Aðalsjóður, framkvæmdamiðstöð, Fasteignir Akureyrarbæjar og Eignasjóður ásamt fyrirtækjum í eigu bæjarins, s.s. Félagslegar íbúðir, Strætisvagnar Akureyrar, Hafnasamlag Norðurlands, Norðurorka og Öldrunarheimilin var rekinn með 557 millj. kr. afgangi þegar tekið hefur verið tillit til ríflega 1.123 millj. kr. gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindinga á árinu. Gjaldfærslan setur verulegan svip á niðurstöður ársreikningsins. Staðaði hún m.a. af hækkan á vísitölu lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna umfram ávöxtun eigna Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar. Jafnframt voru gerðar breytingar á lögum um skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem fólu í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda. Tók breytingin einnig til Brúar, lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga en uppgjör Akureyrarbæjar við Brú nam í heild 2.511 millj. kr. og voru gjaldfærðar 626 millj. kr. á árinu 2017 vegna þessa. Einnig var uppgjör við ríkið vegna lífeyrisskuldbindinga í B-deild Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar fyrir Öldrunarheimili Akureyrarbæjar. Þar yfirtók ríkið 97% af skuldbindingunum Öldrunarheimilisins í þessum sjóðum og nam tekjufærsla vegna þess 460 millj. kr.

Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar var viðunandi og rekstrar-niðurstaða ársins í meginatriðum eins og fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir fjármagnslíði og tekjuskatt var jákvæð um 1.451 millj. kr. en áætlun hafði gert ráð fyrir 1.547 millj. kr. rekstrarafgangi. Heildarniðurstaða var þó betri en áætlanir gerðu ráð fyrir eða 557 millj. kr. afgangur en áætlun gerði ráð fyrir 238 millj. kr. jákvæðri niðurstöðu. Meginskýring á þessum mun var lægri fjármagnskostnaður samstæðunnar en áætlun ársins gerði ráð fyrir.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 3.303 millj. kr. sem var ríflega milljardi meira en áætlun hafði gert ráð fyrir og 440 millj. kr. hærri upphæð en árið áður. Handbært fé frá rekstri nam 3.405 millj. kr. Fjárfestingahreyfingar námu samtals nettó 3.001 millj. kr. en fjármögnunahreyfingar námu samtals nettó 70 millj. kr. Afborgun langtímalána nam 719 millj. kr. en ný langtímalán voru 655 millj. kr. Hækkun á handbæru fé á árinu nam 474 millj. kr. og nam handbært fé samstæðunnar í árslok 3.153

millj. kr. Veltufé frá rekstri árið 2017 í hlutfalli við tekjur nam 13,8% í samstæðunni og 10,7% í A-hluta og batnaði nokkuð frá árinu áður en þá voru hlutföllin 11,7% í samstæðunni og 8,5% í A-hluta.

Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda og hækkanar lífeyrisskuldbindinga hjá samstæðunni voru 10.554 millj. kr. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.527 sem er fjölgun um 5 stöðugildi frá árinu áður. Laun og launatengd gjöld samstæðunnar í hlutfalli við rekstrartekjur þess voru 59,9%. Annar rekstrarkostnaður var 28,1% af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 747 þús. kr. á hvern íbúa en tekjur samtals 1.273 þús. kr. á hvern íbúa. Árið 2016 voru skatttekjur 695 þús. kr. á hvern íbúa og heildartekjur 1.219 þús. kr. á hvern íbúa.

Niðurstaða rekstrar A-hluta var neikvæð um 531 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 267 millj. kr. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga nam 1.527 millj. kr. í A-hluta sem var 1.014 millj. kr. umfram áætlun. Á móti kom að lítil verðbólga og hagstæð gengisþróun urðu til þess að fjármagnskostnaður var lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir sveitarfélagsins í árslok 2017 bókfærðar á 45.418 millj. kr. en þar af voru veltufjármunir 5.787 millj. kr. Skuldir sveitarfélagsins með lífeyrisskuldbindingum námu samkvæmt efnahagsreikningi 25.523 millj. kr. en þar af voru skammtímaskuldir 6.711 millj. kr.

Fjárhagur Akureyrarbæjar er traustur og nam skuldaviðmið samstæðunnar í árslok 95% samkvæmt reglum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga en það var 87% árið áður. Ástæður hækkanar skuldaviðmiðsins má rekja til gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinganna sem áður var nefnd. Skuldaviðmið í A-hluta var 82% í árslok sem var það sama og árið áður.

Veltufjárhluftallið var 0,86 í árslok 2017 en var 1,46 árið áður. Bókfært eigið fé nam 19.895 millj. kr. í árslok en var 18.578 millj. kr. í árslok árið áður. Eiginfjárhluftall var 44% af heildarfjármagni eins og árið áður.

Ársreikning bæjarins er að finna á www.akureyri.is.

Í upphafi ársins 2017 tóku gildi stjórnsýslubreytingar hjá Akureyrarbæ og fjármálaþjónustan fékk nýtt heiti og heitir nú fjársýslusvið eftir sameiningu fjármálaþjónustu og hagþjónustu. Jafnframt fluttist húsnæðisdeild sem hafði tilheyrð fjármálaþjónustunni til fjölskyldusviðs. Á fjársýslusviði voru 22 einstaklingum greidd laun sem voru í 17,25 stöðugildum og voru það 14 konur og 8 karlar. Heildarlaun ásamt launatengdum gjöldum á sviðinu námu 148 milljónum króna.

Á árinu gaf Akureyrarbær (Norðurorka ekki meðtalin) út 118.140 reikninga. Innheimta gekk vel og eru Akureyringar skilvisir nú sem endranær. 97% allra reikninga var greiddur á eindaga eða næstu 30 dögum þar á eftir og 98,5% allra reikninga var greiddur eigi síðar en 120 dögum eftir eindaga. 4.455 reikningar voru sendir í milliinnheimtu og fjöldi krafna í lögræðinnheimtu í lok árs 2017 var 187.

Fjölskyldusvið

Stjórnsýslubreytingar, nýmæli og þróunarverkefni.

Í upphafi árs urðu viðamiklar stjórnsýslubreytingar hjá Akureyrarbæ sem snertu fjölskyldusvið beint með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi breyttist nafn stofnunarinnar úr fjölskyldudeild í fjölskyldusvið. Í öðru lagi var tekin ákvörðun um að færa sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla frá fjölskyldusviði til fræðslusviðs. Sú ákvörðun kom til framkvæmda í mars með flutningi sjö starfsmanna (skólasálfræðinga og sérkennsluráðgjafa) til fræðslusviðs. Í þriðja lagi var tekin ákvörðun um flutning húsnaðisdeilda frá fjársýslusviði til fjölskyldusviðs. Sú ákvörðun kom til framkvæmda í janúar með flutningi eins starfsmanns. Í apríl varð síðan sú stjórnkerfisbreyting að til varð þjónustudeild með forstöðumanni. Undir þá deild heyrir skrifstofa sviðsins ásamt Öskjunni - fjölskyldustuðningi sem er þjónusta veitt heim til barnafjölskyldna. Á árinu einkenndist starfið af vinnu vegna þessara breytinga, aðlögun nýrra verkefna og greiningarvinnu vegna þeirra verkefna sem fluttust frá sviðinu og höfðu verið samþætt annarri starfsemi sviðsins.

að flytja að heiman. Lífsleikinámsskeiðið var samstarfsverkefni fjölskyldu- og búsetusviðs.

Ýmis samstarfs- og þróunarverkefni voru í gangi á árinu eins og undanfarin ár. Verkefnið „Meðan glugginn er opin“, sem er samstarfsverkefni með lögreglunni um viðbrögð við heimilisofbeldi, tilraunaverkefni frá árinu 2015 sem þegar er orðið fast í sessi og hefur gengið vel. Skólasmiðjan sem kemur til móts við þarfir unglinga í ákveðnum áhættuhópi er samstarfsverkefni samfélagssviðs, barnaverndar og skólabjónustu. ESTER er smám saman að festa sig í sessi sem hefðbundið verklag í vinnslu könnunarmála hjá barnavernd. Þá er komin góð reynsla á samvinnu um MST-meðferð sem Barnaverndarstofa veitir á svæði Barnaverndarnefndar Eyjafjarðar og unnið hefur verið að ákveðnu samstarfi á milli fjölskyldusviðs og skólabjónustu eftir að sú þjónusta færðist undir fræðslusvið.

Þjónustan

Á árinu 2017 var tekið við 594 barnaverndartilkynningum og hafin var könnun að eigin frumkvæði í 16 málum. Barnaverndartilkynningum fjölgaði um 78 á milli ára og þar áður fjölgaði tilkynningum um 66. Þetta er rétt yfir 15% fjölgun

Ástæður barnaverndartilkynninga 2014-2016

	2015	2016	2017
Vanræksla	167	197	315
Ofbeldi	116	160	125
Áhættuhegðun barns	166	156	148
Heilsa eða líf ófæddes barns í hættu	1	3	6
Samtals	450	516	594


Helstu nýmæli í þjónustunni á árinu voru þau að tekinn var upp sérstakur húsnaðisstuðningur sem byggði á lagabreytingum. Reglur Akureyrarbæjar um sérstakan húsnaðisstuðning voru settar í janúar 2017. Þessi stuðningur tók við af sérstökum húsnaðisbótum sem voru lagðar niður um áramót en almennar húsnaðisbætur fluttust til ríkisins á sama tíma.

Tvenns konar nýjungar í þjónustu við fatlað fólk má nefna. Annars vegar tómstundabjónustu fyrir fötluað börn, undir nafninu Kapparnir en þeim var komið á laggirnar í samvinnu fjölskyldu-, búsetu og samfélagssviðs. Um er að ræða sumarvistun fyrir fötluað börn 7-10 ára sem geta illa nýtt sér almenn tilboð yfir sumartímann. Mikil ánægja var hjá foreldrum barnanna og stefnt er að því að bjóða þessa þjónustu aftur næsta sumar. Hins vegar lífsleikinámsskeið sem var í boði fyrir einstaklinga sem voru að ljúka námi í VMA af starfsbraut 3. Auk atvinnutengdrar þjónustu var í boði þjálfun og kennsla er miðar að því að undirbúa þau fyrir

frá síðasta ári en fjölgun barnaverndartilkynninga á milli ára hefur verið viðvarandi undanfarin ár. Málefni 304 barna voru til könnunar og meðferðar á árinu auk málefna 6 ófæddra barna. Um er að ræða lítillega fækkun á milli ára.

Fjölgun barnaverndartilkynninga vekur athygli en þessi hefur raunin verið frá árinu 2014. Á árinu 2017 var áberandi mikil fjölgun tilkynninga um vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit og stærsti liður þar er vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu foreldra. Á árinu 2017 bárust 315 tilkynningar vegna vanrækslu á móti 197 tilkynningum af sömu ástæðu árið 2016. Á móti hefur tilkynningum í formi áhættuhegðunar barns/unglings fækkað lítillega á milli ára og tilkynningum er varða ofbeldi hefur einnig fækkað. Má segja að alvarlegum tilkynningum hafi fjölgað mikið þar sem staða foreldra er verri og aðbúnaður barna að versna vegna áfengis- og fíkniefnavanda foreldra. Þessi staða hefur valdið auknu álagi á starfsmenn barnaverndar og grípa þarf oft til íþyngjandi aðgerða.

Aldur barna sem fjallað var um á grundvelli barnaverndarlaga 2015-2017




Í árslok voru 15 börn í varanlegu fóstri á vegum nefndarinnar. 16 börn voru í tímabundnu fóstri á árinu og auk þess voru sjö börn vistuð á einkaheimili skv. 84. gr. barnaverndarlaga. Á árinu fór eitt barn í greiningar- og meðferðarvistun á Stuðla og tvisvar sinnum var barn vistað þar í neyðarvistun. Þá fóru tvö börn á langtímameðferðarheimili hjá Barnaverndarstofu á árinu. Í lok ársins var tekin ákvörðun um að gera kröfu um forsjárviptingu þriggja barna fyrir dómi er varðar tvær fjölskyldur.

Annað árið í röð hefur fækkað í hópi þeirra viðtakenda sem þiggja langtímaaðstoð. Á árinu fengu 5 einstaklingar aðstoð í hverjum mánuði, en þeir voru 11 árið 2016 en 18 árið 2015. Fækkað hefur í hópi yngri einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð en árið 2015 voru 36% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð einstaklingar 25 ára og yngri, árið 2016 var hlutfallið komið í 33% en árið 2017 í 31%.

Akureyrarbær á 339 félagslegar leiguíbúðir en inni í þeirri tölu er sértækt húsnæði ætlað fötlðuð fólki. Leiguíbúðirnar eru

Þróun fjárhagsaðstoðar 2007-2017




Útgjöld til fjárhagsaðstoðar héldu áfram að lækka. Heildarútgjöldin voru 119.939.216 m.kr. sem er 17,09% lækun frá árinu áður. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar voru einnig færri eða 340 á móti 359 árið áður.

Þriðja árið í röð er hlutfall þeirra sem fá fjárhagsaðstoð undir 2% af íbúafjölda sveitarfélagsins eða 1,81%. Eins og á síðasta ári voru einhleypir karlar stærsti hópurinn eða 36% en hlutfall einstæðra mæðra og einhleypa kvenna er jafnt eða 26%.


ætlaðar fólki sem ekki getur aflað sér húsnæðis með öðrum hætti og uppfyllir skilyrði reglna um leiguíbúðir Akureyrarbæjar. Mörg undanfarnin ár hefur verið langur biðlisti eftir leiguíbúð hjá bænum en í lok árs var 121 umsækjandi á biðlista og auk þess höfðu 20 óskað eftir flutningi innan kerfis. Lengst var biðin eftir tveggja herbergja íbúð, áætluð um 4 ár. Leigjendaskipti voru 43 á árinu sem er sambærilegt því sem verið hafði síðustu tvö ár.

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning gera ráð fyrir mati á

Skipting fjárhagsaðstoðar eftir fjölskyldugerð 2015-2017



Fjárhagsaðstoð 2015-2017 skipting eftir aldri





félagslegum aðstæðum og eru í grundvallaratriðum frábrugðnar sérstöku húsnæðisbótunum eins og þær voru. Samanburður á þessu tvennu er því ekki raunhæfur. Á árinu bárust 509 umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning og var 351 umsókn samþykkt. Alls fengu 232 aðilar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning. Útgjöld til þessa málaflokks á árinu voru 52.098.744 kr.

Markmið með stuðningsfjölskyldum í málaflokki fatlaðra er að létta álagi af fjölskyldum barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Á árinu voru 30 börn með stuðningsfjölskyldu frá einum upp í fimm sólarhringa á mánuði. Alls voru veittir 923 sólarhringar í þessa þjónustu. Miðað við árið á undan er um verulega fjölgun sólarhringa að ræða en færri börn nutu þjónustunnar. Í árslok voru sex börn á bið eftir þjónustu og er ástæðan skortur á fjölskyldum sem eru tilbúnar að taka þetta hlutverk að sér.

Framfærundur fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á aðstoð frá Tryggingastofnun ríkisins ef sjúkdómur, andleg og/eda líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og/eda sérstaka umönnun/gæslu. Hlutverk fjölskyldusviðs er að gera tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat fyrir fötluð börn. Foreldrar barna með vægari hegðunar- og þroskaraskanir sem eftir því leita fá aðstoð við útfyllingu gagna og varða umönnunarmat. Í desember 2017 var 171 fjölskylda á skrá hjá fjölskyldusviði með umönnunargreiðslur vegna fötlunar barna en það er sambærilegur fjöldi og síðustu ár.

Askjan hefur það að markmiði að veita markvissa aðstoð til barnafjölskyldna inn á heimili þeirra. Um er að ræða ýmsa fræðslu og ráðgjöf er varðar uppeldi og heimilishald. Markhópurinn er foreldrar/foreldri sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu eða umhverfisþátta. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsóknna inn á heimili. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustunni. Hafin var vinnsla í 24 málum á árinu og vinnslu var lokið í 21 máli. Í árslok voru 22 mál í vinnslu. Alls var unnið í 43 málum á árinu en vinnslutími mála var að meðaltali 7 mánuðir. Styst voru mál í vinnslu í einn mánuð en lengst 24 mánuðir. Fjórar fjölskyldur voru á biðlista um áramót.

Í Skógarlundi fengu 50 einstaklingar þjónustu á árinu 2017. Í árslok voru þeir 47 en þrír þjónustuþegar létust á árinu. Notendur í þjónustu Skógarlunda fengu allir þjónustu að hámarki fjórar klukkustundir á dag, utan einn sem fékk þjónustu í átta

klukkustundir. Í árslok 2017 voru 17 starfsmenn í starfi í 15,8 stöðugildum. Vegna veikinda og fæðingarorlofs starfsmanna störfuðu í heildina 23 starfsmenn á árinu í Skógarlundi, á mismunandi tímum. Starfsstéttirnar sem störfuðu í Skógarlundi árið 2017 eru þroskaþjálfar, þ.m.t. forstöðumaður, iðjuþjálfar, myndmenntakennari, íþróttafraeðingur, félagsliðar og almennir starfsmenn.

Starfið í Skógarlundi er í stöðugri þróun. Má þar nefna aukna áherslu á hópastarf, einstaklingsvinnu, útivist og hreyfingu. Notendur Skógarlunda voru með sýningar á verkum sínum, annars vegar í Deiglnni og hins vegar í Skógarlundarhúsinu. Þessar sýningar voru sjálfstæðar en undangengin ár hafa sýningar Skógarlunda verið í tengslum við List án landamæra. Árlegur aðventu- og jólamarkaður var haldinn einungis í einn dag að þessu sinni og var hann haldinn laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Allur varningur sem þar var seldur var unninn af notendum Skógarlunda. Jólagleði var haldin að venju í byrjun desember. Ópið hús var á vordögum og Skógarlundur tók þátt í Degi góðra verka.

Rekstur Plastiðjunnar Bjargs/Iðjulunda (PBI) gekk vel á árinu 2017. Tekjur héldu áfram að aukast en um var að ræða 16,56% aukningu á milli ára. Það skýrist m.a. af því að ráðist var í verðhækkanir á rafmagnsnefni á árinu. Meginuppistaða verkefna var sem fyrr létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleiðsluvörur eru raflagnaefni, kerti, mjólkursíur, búfjármerki, diskapurrkur, klútar og skilti. Töluvert var unnið í endurbótum á vélum og búnaði en m.a. var tekin í notkun ný kertadýfingarvél og ýmislegt endurnýjað varðandi raflagnaframleiðsluna. Ennfremur voru gerðar endurbætur á rými kertagerðarinnar. Stærsta þjónustuverkefnið er móttaka á einnota drykkjarvörum fyrir Endurvinnsluna hf. en tekið er á móti einnota drykkjarvörum frá Norður- og Austurlandi og frá Ísafirði. Um var að ræða 9,32% aukningu frá fyrra ári í móttöku á skilaskildum einingum frá Akureyri.

Í árslok voru 19 starfsmenn í starfi á PBI í rúmum 17 stöðugildum. Á árinu voru 39 einstaklingar, 21 karl og 18 konur, í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun sem er tveimur færri en árið áður. Markmið með starfsþjálfun er að þjálfra einstaklinga til starfa og meta möguleika þeirra til vinnu á almennum markaði. Í ótímabundinni ráðningu (verndaðri vinnu) voru 21 einstaklingur, 9 karlar og 12 konur.

Fræðslusvið

Einkunnarorð fræðslusviðs eru: Í hverju barni býr fjársjóður. Skólarnir eru samfélög þar sem börn eru í fyrirrúmi og allt starf innan þeirra byggir á því að hver einasti nemandi skiptir máli og honum þarf að mæta á hans eigin forsendum eins og kostur er. Fræðslusvið er stjórnendum og skólasamfélaginu til stuðnings í hverjum þeim verkefnum sem skólarnir sinna eða taka sér fyrir hendur. Starfsfólk fræðslusviðs leggur metnað sinn í að vinna faglega, styðja við skólaþróun og hvetur til faglegra vinnubragða á öllum sviðum skólastarfs.

Skrifstofa fræðslusviðs

Við stjórnýslubreytingar Akureyrarbæjar í upphafi árs 2017, fluttist skólaþjónusta af fjölskyldusviði á fræðslusvið. Þá fjölgaði starfsmönnum skrifstofunnar um sjö og eru nú sautján. Í tengslum við breytingar á sviðinu hófst stefnumótunarvinna, m.a. með LEGO-aðferðafræði og LEAN.

Skólaþjónusta

Skólaþjónusta fræðslusviðs veitir börnum í grunn- og leikskólum og fjölskyldum þeirra þjónustu, auk þess að veita ráðgjöf til starfsfólks skólanna. Skólaárið 2016/2017 voru 2.975 börn í 14 grunnskólum á þjónustusvæðinu en 1.150 börn í 15 leikskólum. Fjöldi beiðna úr leikskólunum var 223; frá leikskólum Akureyrarbæjar komu 206 mál en 17 frá leikskólum utan Akureyrar. Fjöldi beiðna frá grunnskólum var 710, þar af voru 639 mál úr skólum á Akureyri en 71 úr skólum utan Akureyrar.

PMTO – stuðningur við foreldra

Akureyrarbær býður foreldrum barna með hegðunarfrávik upp á foreldrameðferð sem kallast PMTO (Parent Management Training – Oregon aðferðin). Hún byggir á raunprófum aðferðum þar sem foreldrum eru kenndar leiðir og aðferðir styðjandi foreldrafræni. Á árinu voru samtals 43 fjölskyldur í PMTO-meðferðinni.

Haldin voru fjögur foreldranámskeið á árinu sem 60 foreldrar sóttu. Annars vegar var um að ræða tvö PMTO-foreldranámskeið sem ætlað er að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika og taka á vægari hegðunarvanda og luku því námskeiði 33 foreldri. Hins vegar var boðið upp á PTC-foreldranámskeið sem er meðferðarnámskeið fyrir hópa og nær yfir lengri tíma eða 14 vikur og sátu þau námskeið 27 foreldrar 32 barna.

Fimm leikskólar og þrír grunnskólar vinna eftir leiðum SMT – styðjandi skólafærni sem byggir á hliðstæðri hugmyndafræði og PMTO. Þar er lögð áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því m.a. að kenna og þjálfra félagsfærni, hvetja til æskilegrar hegðunar og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Á árinu luku 6 grunnskólakennarar, 4 leikskólakennarar og 2 félagsráðgjafar, sex daga grunnmenntun í PMTO, samtals 12 starfsmenn. Tveir meðferðaraðilar í PMTO luku TOT-þjálfun frá Barnaverndarstofu sem veitir þeim réttindi til að kenna fagfólki PMTO-grunnmenntun.

Málefni erlendra barna

Líkt og undanfarin ár var tekið á móti nemendum af erlendum uppruna í leik- og grunnskóla bæjarins og hefur fjöldi þeirra farið vaxandi. Þessir nemendur koma víða að með ólíkan bakgrunn og ólíka menningu í farteskinu. Í janúar kom til Akureyrar fimmta fjölskyldan frá Sírylandi en flestar fjölskyldur erlendra nemenda koma hingað í tengslum við atvinnulíf og dvelja um lengri eða skemmi tíma.

Í ágúst sameinuðust Akureyrarbær og Símei um fræðslu til alls starfsfólks grunnskólanna, annarra en kennara, og var þar m.a. fjallað um einkenni fjölmenningarlegs samfélags. Viðfangsefnið var einkum að reyna að setja fólkið í spor erlendra íbúa sem flytja um langan veg og skoða hvernig við getum sem best veitt aðstoð við að aðlagast nýju samfélagi og menningu og læra nýtt tungumál.

Til þess að koma upplýsingum um skólastarf og stoðþjónustu grunnskóla bæjarins sem best til erlendra foreldra voru gefnir út rafrænir bæklingar á ensku, pólsku og tælensku.

Skrifaður var bæklingur á ensku sem kynnir stoðþjónustu skólanna og til að auðvelda kennurum móttöku og vinnu með erlendum nemendum og foreldrum þeirra, var einnig tekinn saman rafrænn bæklingur á íslensku með ýmsum upplýsingum, ráðleggingum og leiðum í námi og kennslu. Á þennan hátt er leitast við að styðja við starf skólanna og auka þjónustu við vaxandi fjölda erlendra nemenda í skólum bæjarins.

Upplýsingatækni

Töluverð endurnýjun varð á tölvukosti leikskólanna. Nær allir skólar hafa uppfært og endurnýjað vélar. Jafnt og þétt hafa leikskólar keypt spjaldtölvur inn á deildir en notkun þeirra eykst sífellt. Þráðlaus net hafa verið bætt þannig að þau nái sem víðast innan skólanna.

Í nokkra grunnskóla voru bæði keyptar Chromebook-tölvur og spjald- og fartölvur. Allir nemendur hafa aðgang að office 365. Sumir skólar nota „googleclassroom“ umhverfið með nemendum. Leyfi fékkst fyrir auknu stöðuhlutfalli í tölvuumsjón og voru ráðnir tölvuumsjónarmenn í 50 % starf í stærri skólana. Grunnbúnaður (switchar) var einnig endurnýjaður að hluta í grunnskólunum árið 2017.

LEAN gæðastjórnun

Akureyrarbær tók ákvörðun um að innleiða aðferðafræði LEAN-gæðastjórnunar. Fræðslusvið var eitt af þremur sviðum sem hófu þá innleiðingu.

Markþjálfun

Leik- og grunnskólastjórnendur fengu reglulega hópmarkþjálfun allt árið 2017.

Lærdómssamfélagið

Lærdómssamfélagið er samstarfsvettvangur leik- og grunnskólastjórnenda við Eyjafjörð og Háskólans á Akureyri og hefur það starf varað síðustu misseri. Meginvinna lærdómssamfélagsins árin 2016 og 2017 skilaði nýrri læsisstefnu „Læsi er lykillinn“ sem kynnt var haustið 2017 og er nú opin öllum á vefnum.

Grunnskólastarfið

Akureyrarbær statar af níu almennum grunnskólum, sjö á Akureyri, einum í Hrísey og öðrum í Grímsey. Auk þess er rekinn einn sérskóli, Hlíðarskóli.

Skólarnir sinna metnaðarfullu og fjölbreyttu starfi og leggja sig fram um að sinna öflugri skólaþróun. Mikið samstarf er á milli skólanna og hittast stjórnendur þeirra reglulega og miðla reynslu sín á milli. Hver skóli hefur skapað sér sérstöðu með skólastefnu og áherslum í skólastarfinu.

Á Akureyri er skólavalið þar sem því verður við komið. Breytingar á nemendafjölda í hverfum milli ára geta verið miklar og af því verða skólarnir að taka mið.

Nemendafjöldi í leik- og grunnskólum 1. október ár hvert

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Leikskólar	1.084	1.096	1.105	1.091	1.106	1.106	1.019	1.026
Grunnskólar	2.599	2.610	2.624	2.635	2.583	2.615	2.681	2.706
Heildarfjöldi	3.683	3.706	3.729	3.726	3.689	3.721	3.700	3.732



Leikskólastarfið

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn frá 18 mánaða aldri þar til þau fara í grunnskóla. Hver leikskóli er með skólanámskrá og setur sér stefnu og áherslur. Einnig leggur hver skóli fram starfsáætlun árlega.

Í október voru starfandi 9 leikskólar á Akureyri. Þar af er ein leikskóladeild í Hrísey og einn einkarekinn leikskóli, Hólmasól. Rekstri Hlíðabólss var hætt um mitt ár 2017 en Hlíðarból var einnig einkarekinn leikskóli.

Í október 2017 voru um 98,25% barna á Akureyri á aldrinum 2-5 ára (fædd 2012-2015) í leikskóla. Þá voru einnig um 21% barna fædd 2016 í leikskóla, þ.e. börn sem fædd eru í janúar, febrúar og byrjun mars 2016. Í október voru alls 1.026 börn í leikskólum bæjarfélagsins, 507 drengir eða 49% og 519 stúlkur eða 51%. Vistunartími barnanna skiptist þannig að 950 börn voru í 7-8,5 tíma vistun og 76 börn í 4-6,5 tíma vistun. Tvítýngd börn í leikskólunum voru alls 87 í október frá 30 þjóðlöndum.

Í október störfuðu 285 starfsmenn á leikskólunum í um 240 stöðugildum. Hlutfall fagmenntaðra af heildarstöðugildum var 65,85% og í deildastarfi var hlutfallið 90,12%.

Lokaskýrsla um tilraunaverkefni um hljóðvist í leikskólum var gefin út í júlí 2017. Meginniðurstöður eru þær að húsnæði leikskólanna kom vel út. Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- Kortleggja þarf aðstæður á hverjum stað til að finna orsakir hávaða
- Úrbætur á umhverfi skiluðu betri hljóðvist
- Skipulag skólastarfs, kennsluhættir og agastjórnun geta dregið úr hávaða
- Auka þarf vitund kennara og þekkingu þeirra á raddvernd og hávaða
- Fræða þarf kennaranema og starfandi kennara um hávaða og raddheilsu
- Fræða þarf börn/nemendur um hávaða og raddmenningu
- Hávaði getur skapað álag og streitu

Skólaleikur, samstarfsverkefni leik- og grunnskólanna, var starfræktur frá 8. - 21. ágúst. Til að flýta fyrir inntöku barna á leikskóla var ákveðið að gefa börnum sem fædd eru 2011 og voru að ljúka leikskólagöngu sinni, færi á að hefja skólaárið í frístundarhúsnæði grunnskólanna.

Leikskólastarfmenn sáu um allt starf með börnunum og grunnskólastarfmenn um mótuneyti og ræstingu. Þetta verkefni tókst vel. Börnin fengu að kynnast grunnskólaumhverfinu í rölegheitum í litlum hópum og þau börn sem voru að fara saman í grunnskóla náðu að kynnast áður en eiginleg skólaganga hófst. Grunnskólakennarar voru ánægðir með hvernig nemendur komu inn í 1. bekk og má segja að aðlögun sem tekur að jafnaði tvær vikur hafi verið lokið þegar nemendur mættu í skólann.

Á vordögum var tekin ákvörðun um að 5 ára leikskóladeild yrði starfrækt í húsnæði Glerárskóla skólaárið 2017-2018 og að deildin yrði undir stjórn leikskólans Tröllaborga. Öllum foreldrum barna sem fædd eru 2012 og áttu lögheimili í skólahverfi Glerárskóla var sent bréf þar sem þeim var boðið á kynningu þessarar deildar sem nefnd er Lautin. Alls eru nú 20 börn á deildinni og hefur starfsemi hennar gengið mjög vel.

Styrkir

Skólaþróun er mikilvægur þáttur í öllu skólastarfi. Starfsmenn skólanna eru duglegir að sækja um þá styrki sem í boði eru til þróunar á fjölbreyttum sviðum skólastarfsins. Á árinu 2017 fengu margir skólar Akureyrarbæjar styrki til að vinna að fjölbreyttum þróunarverkefnum í gegnum Sprotasjóð, Skema, Nordplus, Erasmus+ og fleiri. Mikil vinna felst í gerð styrkumsókna og eiga bæði kennarar og stjórnendur þakkar skildar fyrir frumkvæði í þágu skólanna til að sækja auknið fjármagn til skólastarfsins.

Ytra mat skóla

Ytra mat á skólastarfi er skólunum mikilvægt tæki til umbóta. Gert var ytra mat á einum grunnskóla og einum leikskóla árið 2017, Glerárskóla og Lundarseli.

Skólahúsnæði

Skólabýggingar eiga að nýtast sem best í þágu samfélagsins og oft eru þær nýttar fyrir annað en hefðbundið skólastarf, s.s. í tengslum við íþróttamót, fundahöld og fleira. Leitast er við að fara vel með fjármagn og skapa sem besta aðstöðu fyrir börn og starfsfólk í skólunum.

Leikskólanum Hlíðabóli var lokað um mitt ár 2017. Áætlanir gera ráð fyrir leikskólastarfsemi á Glerárskólalóð fyrir 140-150 börn hefjist í nýju húsnæði haustið 2020 og samhliða því verði starfsemi Pálmhólts flutt þangað.

Dagforeldrar

Dagforeldrar á Akureyri í lok árs 2017 voru 26, þar af 25 konur og einn karlmaður. Alls dvölu 127 börn hjá dagforeldrum í desember 2017. Akureyrarbær greiddi niður daggæslu fyrir 125 börn og þar af voru 111 börn gífra foreldra og foreldra í sambúð og 14 börn einstæðra foreldra. Niðurgreitt var fyrir sex börn þar sem báðir foreldrar voru í námi. Tvö börn voru ekki skráð með lögheimili í bæjarfélaginu og fengu því ekki niðurgreiðslu frá Akureyrarbær.

Á árinu 2017 voru fjögur ný leyfi veitt til daggæslu barna í heimahúsi, tveir dagforeldrar fóru í fæðingarorlof á miðju ári og þá létu fimm dagforeldrar alveg af störfum á árinu. Þá er vert að geta þess að fjölmargar leyfisveitingar til daggæslu barna í heimahúsi voru undirbúnar í nóvember og desembermánuði 2017 en fimm nýir dagforeldrar taka til starfa í upphafi árs 2018.

Námskeiðsdagur dagforeldra var haldinn 3. nóvember og nýttu 19 dagforeldrar sér fræðsluna. Dagskráin var afar fjölbreytt en meðal annars var fræðsla um næringu ungbarna, foreldrasamskipti og vinnugleði, ungbarnajóga og þá var einnig sungið og leikið. Námskeiðsdagur er haldinn árlega og er skipulagður af fulltrúa fræðslusviðs og fulltrúum dagforeldra.

Tónlistarskólinn

Starfsemi Tónlistarskólans á Akureyri var afar fjölbreytt á árinu 2017. Auk hefðbundinna tónleika, útskrifta og annarra fastra þátta í skólastarfinu, stóð skólinn í mikilli þróunarvinnu og má einkum nefna þrjú verkefni sem ber hæst í því samhengi.

Í fyrsta lagi ber að nefna samstarf skólans við Þjóðlistahátíðina Vöku sem hófst með námskeiðsviku á vorönn og tónleikaröð þar sem nemendur nutu leiðsagnar fjölbjóðlegs hóps listamanna og léku þjóðlega tónlist frá ýmsum menningarheimum.

Einnig stóð skólinn fyrir nýju verkefni sem hlaut nafnið Söngvaflið. Það er unnið í nánú samstarfi við alla leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar og miðar að því að styðja við almenn markmið aðalnámskrár tónlistarskóla. Auk þess sem kennarar skólans þróðu nýja námskrá og stýrðu vikulegum samsöng í öllum skólum bæjarins, þá var öllum nemendum grunn- og miðstigs grunnskóla, sem og tveimur elstu árgöngum leikskóla, boðið á sérstaka viðburði í Hofi þar sem þeir sungu við undirleik nemenda og kennara Tónlistarskólans auk annarra vel þekktra listamanna. Mikil ánægja er með verkefnið meðal nemenda og starfsfólks skólanna.

Loks hóf skólinn formlegt samstarf um þróun nýrra námsleidda við Menntaskólann á Akureyri sem gera nemendum sem hyggjast gera tónlist að aðalstarfi kleift að ljúka stúdentsprófi með allt að 114 einingum í tónlist á þremur námsbrautum, þ.e. í klassískri tónlist, rytmískri tónlist og skapandi tónlist. Er verkefninu ætlað að laða framhaldsskólanemendur til bæjarins og nota þá miklu sérþekkingu og glæsilegu aðstöðu sem í skólanum býr til þess að styðja við menningar- og atvinnulífið á svæðinu. Jafnframt fjölgar valkostur fyrir nemendur af landsbyggðinni til að stunda sérhæft tónlistarnám á framhaldsskólastigi.

Hljóðfæra- og söngnemendur í upphafi skólaárs voru ríflega 400 og tónleikar á bilinu 80-90 talsins viðs vegar um bæinn.





Kynjasambætting og kynjuð fjárhagsáætlanagerð

Haustið 2017 var kynjaskipting starfsmanna í skólakerfinu þessi:

Deildir	Fjöldi			Hlutfall	
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Skrifstofa fræðsluviðs	2	15	17	11,8	88,2
Leikskólar	13	272	285	4,6	95,4
Grunnskólar	87	422	509	17,1	82,9
Tónlistarskólinn	22	16	38	57,9	42,1
Samtals fræðslumál	124	725	849	14,6	85,4

Rekstrarupplýsingar grunnskóla úr Skólavoginni fyrir Akureyrarbæ árið 2016:

Rekstrarupplýsingar (allar kostnaðartölur í þús. kr.)		
	Landið	Akureyri
Fjöldi nem. á hvern starfsm. við kennslu	10,2	10,8
Fjöldi nem. á hvern kennara	12,5	13,3
Fjöldi nem. á hverja stjórnunarstöðu	116,9	119,8
Fjöldi nem. á hvern almennan starfsm.	23,0	18,2
Hlutfall starfsm. við kennslu með réttindi	95,8%	99,7%
Árlegur launakostnaður á hvern nemanda	1.108	1.000
Annar árlegur kostnaður á hvern nemanda	549	460
Árlegar sértekjur skólans á hvern nemanda	85	116
Árlegur kostnaður (nettó) á hvern nemanda	1.222	1.027
Árlegur heildarkostnaður (brúttó) á hvern nemanda	1.307	1.143
Meðalárslaun starfsm.	6.626	7.261
Kostnaðarhlutf. grunnsk. m.v. skatttekj. sveitarfél.	32%	29%
Innri húsaleiga á hvern nemanda	332	317



Engum dylst að verulega hallar á karlmenn í leik- og grunnskólum. Vegna kynjahallans var tekin ákvörðun um að í auglýsingum eftir starfsfólki í leik- og grunnskólum verði karlmenn sérstaklega hvattir til að sækja um.

Rekstur

Rekstur fræðslu- og uppeldismála var um 0,4 % innan áætlunar ársins 2017 eða um 26 m.kr. Sameiginlegur kostnaður var um 5,5 % innan áætlunar eða um 10,8 m.kr. sem skýrist fyrst og fremst af viðbótartekjum. Þá var rekstur leikskóla og dagvistunar um 12,5 m.kr. innan áætlunar eða um 0,6 %. Rekstur grunnskóla var á áætlun og rekstur Tónlistarskólans var um 1,6 % innan áætlunar eða um 4,4 m.kr.

Rekstrarupplýsingar leikskóla úr Skólavoginni fyrir Akureyrarbæ árið 2016:

Rekstrarupplýsingar (allar kostnaðartölur í þús. kr.)	Landið	Akureyri
Fjöldi barna á hvert stöðug. við uppeld.- og mennt.störf/kennslu	4,1	4,3
Fjöldi barna á hvert stöðug. leikskólakennara	14,8	7,6
Fjöldi barna á hvert stöðug. uppeld.menntaðs starfsfólks	8,5	5,9
Fjöldi barna á hvert stöðug. við almenn störf	55,8	48,9
Fjöldi barna á hvert stöðug. við leikskólann í heild	3,8	3,9
Hlutf. starfsfólks v. uppeld.- og mennt.störf sem eru leikskólak.	34,1 %	58,0 %
Hlutf. starfsfólks við uppeld.- og mennt.störf með aðra uppeld.m.	18,4 %	15,7 %
Hlutf. starfsfólks við uppeld.- og mennt.störf án uppeld.mennt.	47,5 %	264 %
Hlutfall heilsdagsígilda	98,5 %	101,7 %
Árlegur launakostnaður á hvert barn	1.702 þ.kr.	1.587 þ.kr.
Annar árlegur kostnaður á hvert barn	468 þ.kr.	433 þ.kr.
Innri leiga á hvert barn	191 þ.kr.	228 þ.kr.
Árlegar tekjur leikskólans á hvert barn	330 þ.kr.	433 þ.kr.
Árlegur kostnaður (nettó) á hvert barn	1.618 þ.kr.	1.415 þ.kr.
Árlegur heildarkostnaður (brúttó) á hvert barn	1.946 þ.kr.	1.848 þ.kr.
Meðalárslaun á starfsfólk í leikskólum	6.283 þ.kr.	6.112 þ.kr.
Kostnaðarhlutfall m.v. skatttekjur sveitarfélags	15 %	12 %

Samfélagssvið

Samfélagssvið varð til við stjórnsýslubreytingar sem samþykktar voru af bæjarstjórn á haustmánuðum 2016. Sviðið varð til við sameiningu samfélags- og mannréttindadeildar og Akureyrarstofu. Formlega tók nýtt svið til starfa 1. janúar 2017.

Nýtt svið skiptist í þrjár deildir; forvarna- og frístundadeild, íþróttadeild og Akureyrarstofu. Undir sviðið heyra æskulýðs- og forvarnamál, tómstundir, íþróttamál, félagsmiðstöðvar, jafnréttismál og önnur mannréttindamál. Einnig Akureyrarstofa sem annast ferðamál, atvinnumál, menningarmál og kynningarmál.

Sviðið er frístundaráði og stjórn Akureyrarstofu til ráðgjafar varðandi stefnumótandi ákvarðanir í þeim málaflokkum sem undir það heyra og annast framkvæmd þeirra. Hlutverk sviðsins er að veita bæjarbúum, bæjarfulltrúum, forstöðumönnum og öðrum þeim sem á þurfa að halda, góða þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar um málaflokka sviðsins. Miðstöð sviðsins er í Rósenborg sem áður var Barnaskóli Akureyrar.

Akureyrarstofa

Akureyrarstofa er heimahöfn menningar-, markaðs-, kynningar- og ferðamála hjá Akureyrarbæ. Amtsbókasafnið, Héraðsskjalasafnið og Listasafnið á Akureyri tilheyra rekstri Akureyrarstofu og hún annast samskipti við sjálfstæðar menningarstofnanir sem njóta verulegs stuðnings bæjarins. Jafnframt annast hún viðburðahald fyrir bæinn og samskipti við fjöldamarga skipuleggjendur viðburða í bænum. Miðpunktur starfseminnar er Akureyri en Akureyrarstofa hefur náði samstarf við aðila sem vinna á stærri svæðum, s.s. Markaðsstofu Norðurlands og Atvinnuþróunarfélög Eyjafjarðar. Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akureyri er rekin af Akureyrarstofu og annast upplýsingagjöf til ferðamanna þegar þeir eru komnir til Akureyrar, auk þess að svara fyrirspurnum alls staðar að úr heiminum.

Ferða- og markaðsmál


Ferðapjónustan heldur áfram að vaxa og dafna. Nýting gistirýma á hótélum og gistiheimilum hefur þó dregist saman um 4 % milli ára, á þetta eingöngu við um skráð gistirými í þessum tveimur flokkum. Vísbendingar eru um aukna nýtingu á Airbnb á sama tíma. Nokkrir nýir veitingastaðir og barir opnuðu á árinu og afþreyingarúval bæjarins hélt áfram að aukast. Ferðaskipuleggjendum fjölgaði, boðið var upp á skipulagða kvöldsiglingu til Hríseyjar frá Akureyri, gönguferðir með leiðsögn og stefnumót við heimafólk, Akureyri Escape bauð upp á hópeflisaðstöðu og ný sýning Norðurlóð eða „Into the Arctic“ var opnuð. Mikill vöxtur er í hvalaskoðun frá Akureyri, nýtt hvalaskoðunarfyrirtæki bættist við á árinu og eru þau nú orðin þrjú, öll með aðstöðu við Torfunef auk þess sem nú eru ferðir einnig í boði á veturna.

Á árinu var lokið við gerð kynningarefnis um fuglaskoðun á Eyjafjarðarsvæðinu, bæði rafrænt og á prenti, og er Eyjafjörðurinn nú kynntur sem hluti af fuglaskoðunartígnum um Norðurland. Ferðamannavegur um Norðurland sem er samstarfsverkefni sem Akureyrarstofa hafði forgöngu um en er stýrt af Markaðsstofu Norðurlands, hefur verið í góðum farveg. Ákveðið var nafn á leiðina sem nær frá Melrakkaslétu til Hrutafjarðar, „Norðurstrandarleiðin“ eða „Arctic Coast Way“. Hannað var merki leiðarinnar, samið var við breska fyrirtækið Blue Sail um ráðgjöf og ákveðið að leiðin verði vígð 8. júní 2019.


Mikið hefur verið unnið í úrbótum á vinsælum ferðamannastöðum í bænum á árinu. Um haustið hófst vinna við breytingar og stækkun Listasafnsins á Akureyri sem á að vera lokið sumarið 2018. Unnið hefur verið í Strandstíg við Drottingarbraut undanfarið ár, enda vinsælt útivistarsvæði og skemmtilegur staður til ljósmyndunar og hófust m.a. framkvæmdir við brúna fyrir framan Leikhúsið í lok ársins sem einnig á að ljúka vorið 2018. Í Hlíðarfjalli hófst undirbúningur framkvæmda við nýja stólalýftu og á verkina að ljúka haustið 2018. Framkvæmdir við Sundlaug Akureyrar stóðu yfir megnið af árinu og voru nýjar rennibrautir vígðar sumarið 2017 en endanlegum framkvæmdum lýkur á árinu 2018. Í Kjarnaskógi var bætt við leiksvæði, gönguleiðum, badmintonborðum og snyrtingum. Í Grímsey var vígt nýtt kennileiti fyrir heimskaufsbauðinn, verk eftir Kristinn E. Hrafnsson og Studio Granda „Orbis et Globus“, kennileiti sem verða mun einn af eftirsóttum áfangastöðum á norðurluta eyjunnar.

Skipulag almenningssamgangna var með svipuðu sniði og

Fjöldi gistinguátta eftir mánuðum 2016-2017



Meðalfjöldi og nýting herbergja á hótélum og gistiheimilum á Akureyri 2011-2017



verið hefur. Leyst var úr hnökrum á tengingu strætisvagna við ferjur til Hríseyjar og Grímseyjar í lok júní með því að settur var á fót sérstakur „ferjustrætó“ sem gekk milli Dalvíkur og Akureyrar. Mikil samgöngubót varð á ferjusiglingum til Grímseyjar þegar ákveðið var að bjóða upp á 5 brottfarir á viku yfir sumartímann til eyjarinnar í stað þriggja. Eykur það til muna tækifæri ferðamanna til að heimsækja eyjuna og dvelja þar yfir nótt.

Farþegum með Strætó á Norðurlandi fækkaði um 11 % milli ára eða um 1.460 farþega og var fækkunin mest 42 % í ágúst en mest var aukningin í október eða 43 %. Alls ferðuðust um 11.620 manns með Strætó árið 2017 á móti 13.080 árið 2016. Á leið 57 milli Akureyrar og Reykavíkur fóru alls 128.183 farþegar árið 2016 á móti 124.997 árið 2017 sem er fækkun um 2,5 %.

Í lok febrúar hóf Flugfélag Íslands (nú Air Iceland Connect) að bjóða upp á beint innanlandsflug milli Keflavíkurflugvallar og Akureyrar í tengslum við millilandaflug í Keflavík. Í júlí var tilkynnt að breska ferðaskrifstofan Super Break væri að hefja sölu á ferðum til Akureyrar með beinu flugi frá Bretlandi. Það var í fyrsta sinn sem boðið var upp á beint flug til Akureyrar frá Bretlandi. Þegar á leið kom í ljós að áhugi Breta var það mikill að í lok nóvember tilkynnti ferðaskrifstofan að ferðir yrðu 14 á tímabilinu janúar til mars 2018 og að nýting flugsæta stefndi í 95 %. Auk þess væri búið að ákveða að bjóða upp á 22 ferðir næsta vetur á tímabilinu desember 2018 til febrúar 2019.

Akureyrarstofa var þátttakandi í fjölmörgum verkefnum sem tengjast ferðapjónustu og markaðssetningu bæjarins. Stofan heldur utan um markaðsátakið Komdu norður, er með fulltrúa í vinnuhópum Norðurstrandarleiðarinnar og lagði fyrir hönd Akureyrarbæjar fjármagn til reksturs flugklasans AIR66 og til Markaðsstofu Norðurlands, samtals ríflega 18 m.kr. Flugklasinn stefnir að bættri markaðssetningu Akureyrar frá Bretlandi og beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll en Markaðsstofan annast m.a. markaðssetningu á landshlutanum erlendis í samstarfi við Íslandsstofu.

Akureyrarstofa vinnur að ýmsum verkefnum í samstarfi við ferðapjónustuaðila í Grímsey og Hrísey. Fengist hafa styrkir í nokkur verðug verkefni, m.a. smíði nýs tákns fyrir heimskaufsbauðinn í Grímsey og einnig var unnið að gerð nýrra söguskilta meðfram gönguleiðum bæði í Grímsey og á Akureyri. Akureyrarstofa hefur að auki á sinni könnu útgáfu upplýsingabæklinga fyrir ferðafólk hvort tveggja fyrir Grímsey og Hrísey. Þessir bæklingar eru uppfærðir árlega.

Ársskýrsla bæjarins var gefin út af Akureyrarstofu og var eingöngu aðgengileg á rafrænu formi. Þeir sem þess óskuðu gátu fengið hana útprentaða í þjónustuanddyri Ráðhússins. Eins og áður var gefinn út stór og gagnmerkur upplýsingabæklingur um Akureyri á ensku í samstarfi við fyrirtækið MDR. Upplag bæklingins er 40.000 eintök. Akureyrarstofa hefur einnig umsjón með hönnun og birtingu almennra auglýsinga um ágæti bæjarins fyrir alls kyns aðra bæklinga og blöð.

Á árinu hófst viðamikil endurskoðun á heimasíðunni Akureyri.is.

Farið var yfir veftréð og útlitið fært til nútímalegra horfs sem hentar betur fyrir spjaldtölvur og farsíma. Ný og betri heimasíða var opnuð í maí 2017. Fyrir utan að annast vefsíðurnar Akureyri.is og Visitakureyri.is, heldur Akureyrarstofa úti þremur síðum á samfélagsmiðlinum Facebook: Síðunni „Akureyrarbær“ sem er hugsuð sem upplýsingasíða fyrir bæjarbúa, „Komdu norður“ sem er fyrir íslenska gesti og „Visitakureyri“ fyrir erlenda ferðamenn, auk þess að vera með sér síðu fyrir ferðaþjónustuaðila á Akureyri.

Akureyrarstofa kynnti bæinn sem ákvörðunarstað fyrir ferðamenn með þátttöku á Mid Atlantic ráðstefnunni. Þetta starf virðist ætla að skila góðum árangri því áhugi erlendra ferðaskrifstofa hefur aukist mikið og voru fulltrúar Akureyrar þétt bókadír á fundi á sýningunni þar sem kostir bæjarins voru kynntir. Akureyrarstofa hefur einnig átt tvo fulltrúa á Mannamótum, árlegum viðburði sem haldinn er í Reykjavík til að kynna landsbyggðina fyrir ferðaaðilum á höfuðborgarsvæðinu.

Menningarmál

Vorkoma Akureyrarstofu fór fram að venju sumardaginn fyrsta í Menningarhúsinu Hofi en þar var tilkynnt niðurstaða stjórnar Akureyrarstofu um starfslauð listamanna 2017-2018. Stjórnin studdist við álit faghóps sem í sátu Guðbjörg Ringsted, Jón Hlökkver Áskelsson og Ingibjörg Sigurðardóttir. Fyrir valinu varð rithöfundurinn og tónlistarmaðurinn Orri Harðarson. Einnig voru þeim Kristni Björnssyni og Eddu Friðgeirsdóttur veitt viðurkenning fyrir viðgerðir og endurbætur á Aðalstræti 32. Fanney Hauksdóttir arkitekt hlaut byggingarlistarverðlaun fyrir Hjúkrunarheimilið Lögmanshlíð sem þýkir hafa heppnast einkar vel með tilliti til Eden-stefnunnar sem starfsemin vinnur eftir. Heiðursviðurkenningu Menningarsjóðs hlaut handverkskonan Jenný Karlsdóttir en hún þýkir hafa lagt mikið af mörkum við að varðveita og upphefja íslenska menningararfinn.

Menningarsjóður auglýsir á hverju ári eftir umsóknum um styrki og er bæði hægt að sækja um verkefnastyrk og samstarfssamning. Um 30 verkefni fengu styrk, flest tengdust tónlist eða myndlist. Menningarsjóður gerir samstarfssamninga við félög til tveggja og þriggja ára og styður þannig við ýmsar listgreinar og eflir grasrótastarf. Árið 2017 voru 19 slíkir samningar í gildi.

Akureyrarstofa er samstarfsaðili að ýmsum menningarverkefnum og er ritlistarsamkeppnin Ungskáld eitt þeirra og er hún ætluð ungu fólki á aldrinum 16-25 ára. Þetta var fimmta árið sem samkeppnin fór fram og að þessu sinni hlaut verkið „Æfingaakstur“ eftir Sölva Halldórsson fyrsta sætið, Oddur Pálsson varð í öðru sæti með verkið „Mariutásur“ og í 3. sæti Anna Kristjana Helgadóttir með verkið „Djöfullinn“.

Sumarhátíðirnar Jónsmessuhátíð, Listasumar og Akureyrarvaka voru endurhugsaðar með nýjum áherslum og að þessu sinni var Almar Alfreðsson vörðhönnuður ráðinn verkefnastjóri hátíðanna. Þóttu þær takast afar vel og áherslur um sýnileika og fjölbreytni skiluðu góðum árangri.

Á árinu var settur á fót nýr sjóður sem kallast Tónlistarsjóður Hofs og Samkomuhússins. Verkefnið er tilraunaverkefni en sjóðurinn veitir styrki sem hafa það að markmiði að auðvelda ungu tónlistarfólki og þeim sem standa utan stofnana að nýta sér aðstöðuna í húsunum, stuðla að fjölbreytileika í tónlistarviðburðum og nýta þá möguleika sem Hof og Samkomuhúsið bjóða upp á fyrir tónlistarviðburði. Auglýst var á vordögum og bárust 15 styrkumsóknir. Ákveðið var að styrkja tólf verkefni af fjölbreyttum toga þar sem efnisvalið var m.a. klassík, negrasálmur, rokk, þyngra rokk, ljóðasöngur, djass, gamanópera, frumsamin tónlist og fleira. Mest ásókn var í salinn Hamra í Hofi en einnig stærsta salinn Hamraborg sem og Samkomuhúsið.

Amtsbókasafnið

Útlán hafa smám saman dregist saman á síðustu árum og svo var einnig 2017. Fækkaði þeim um 8 % frá árinu áður. Engu að síður fengu Akureyringar 144.917 safngögn að láni sem eru 7,7 útlán á hvern íbúa Akureyrar. Gestum fækkaði hins vegar um 1 % en er það í samræmi við þá þróun sem sjá má á almenningsbókasöfnum í Evrópu þar sem minna er tekið að láni en heimsóknum ýmist fjölga eða þær standa í stað.

Haldnar voru níu sýningar í anddyri safnsins á árinu. Þar má til dæmis nefna afmælisýningu Amtsbókasafnsins sem haldin var í apríl, í tilefni 190 ára afmælis þess. Strax í júní opnaði önnur afmælisýning þá í tilefni 100 ára afmælis Leikfélags Akureyrar. Á báðum sýningum var stillt fram munum, bókum, ljósmyndum og skjölum sem vörpuðu ljósi á sögu Amtsbókasafnsins og

Leikfélagsins. Í júlí voru til sýnis póstkort í eigu safnarans bórhalls Ottesen. Póstkortin sýndu myndir frá Akureyri og nágrenni frá tímabilinu 1880-1950. Í september var haldin sýning á óperuveggspjöldum frá Póllandi. Á sýningunni var að finna veggspjöld fyrir óperur eftir meðal annars Donizetti, Verdi, Strauss, Puccini og Massenet. Auk þess voru til sýnis sérválin veggspjöld fyrir börn og má þar nefna verk eins og Hnetubrjótinn, Þyrnirós, Öskubusku og Stígveðaða köttinn. Sýningin á Amtsbókasafninu var hluti af stærra verkefni sem kallast Við skín norðurljósa og var unnið í samvinnu við Listaháskóla Íslands, Norræna húsið, Gerðuberg, Menningarmiðstöð í Borgarbókasafni, Listasafnið á Akureyri, Menningarfélag Akureyrar og Kartöflugeymsluna. Í desember stóð yfir sýningin Jóln koma í samstarfi við Leikfangasýninguna í Friðbjarnarhúsi. Til sýnis voru leikföng frá liðinni tíð, og vakti hún lukku á meðal barna og fullorðinna.

Ýmsir viðburðir voru haldnir á Amtsbókasafninu á liðnu ári. Í maí fór fram viðburðurinn Blóm handa mömmu. Þá stóð börnum til boða að útbúa blóma-bókamerki handa mæðrum sínum í tilefni mæðradags. Í júní tók Amtsbókasafnið þátt í Listasumri. Þá var boðið upp á búningamátun í anddyri safnsins þar sem þá stóð yfir sýning tileinkuð 100 ára afmæli Leikfélags Akureyrar. Börnum bauðst að bregða sér í hin ýmsu gervi, standa á sviði og taka lagið. Í júlí var haldið upp á Potterdaginn mikla í tengslum við afmæli skáldsagnarpersónunnar Harry's Potter, en einnig til að vekja athygli á endurbótum í unglingadeild Amtsbókasafnsins. Bókmenntahátíð á Akureyri var haldin í fyrsta sinn hér í bæ þann 5. september. Hátíðin er unnin í afar góðu samstarfi Amtsbókasafnsins á Akureyri og Menningarfélags Akureyrar við Bókmenntahátíðina í Reykjavík. Tveir erlendir rithöfundar tóku þátt en það voru þær Anne-Cathrine Riebnitzky og Esmeralda Santiago.

Amtsbókasafnið tók þátt í bókasafnsdeginum þann 8. september. Birgir Guðmundsson, dósent við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, hélt erindi um bókasöfn og fjölmíðla.

Dagarnir 26.-31. október voru afar hrollvekjandi á hinu 190 ára gamla Amtsbókasafni því þá var haldin hrekjavaka. Það hittist svo vel á að í kringum hrekjavöku stóð yfir vetrarfrí í mörgum grunnskólum bæjarins og því var kjörið að bjóða upp á alls kyns afþreyingu fyrir börnin.

Í nóvember fór fram jólakortaföndur, þar sem gestum á öllum aldri bauðst að föndra jólakort úr afskrifuðum bókum. Viðburðurinn vakti upp afar góð viðbrögð og mættu hátt í hundrað manns í föndrið.

Í desember var naumhyggjunni sagt stríð á hendur og boðið upp á jólaþeysuföndur. Safnið fékk þessur frá Rauða krossinum sem gestum bauðst að skreyta með gömlu jólaskrauti. Margir komu með sínar eigin þeysur eða færðu safninu skraut að gjöf til að nota í viðburðinn.

Bókaupplestrar voru margir á árinu og þar hafa einnig margvíslegir klúbbar sitt starf. Loks er barnastarfið býsna umfangsmikið. Sögustundir fara fram á hverjum fimmtudegi yfir vetrartímann. Í sögustundum eru lesnar 1-2 bækur og svo er boðið upp á létt föndur, leiki eða verkefni. Einnig eru litablað og litir í boði. Þann 27. október er Alþjóðlegi bangasdagurinn og af því tilefni eru lesnar bangasögur í október. Einnig er leikskólabörnum boðið að koma á bókasafnið með kennurum sínum og hlusta á bangsa (barnabókavörð í bangsabúning) segja bangasögu. Í janúar fer svo bangsi í leikskóla bæjarins og heilsar upp á börnin.

Amtsbókasafnið, í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri, hefur staðið fyrir lestrarnámskeiði í júní. Námskeiðið nefnist Sumarlestur-Akureyri, bærin minn. Námskeiðið er í boði fyrir börn sem eru að ljúka 3. og 4. bekk. Markmið námskeiðisins er að börnin lesi sér til ánægju, efla lestrarfærni og kynnist bænum sínum. Alls tóku 54 börn þátt í sumarlestrinum árið 2017.

Loks ber þess að geta að í samvinnu við Punktinn, Rósenborg og Rauða krossinn bauðst gestum Amtsbókasafnsins að sauma sína eigin taupoka á safninu seinasta sumar. Markmiðið var að draga úr plastpöknotkun í samfélaginu. Framtíkið vakti jákvæða athygli og notuðu margir tækifærið og saumuðu poka.

Héraðsskjalasafn

Á Héraðsskjalasafnið komu 720 gestir á árinu 2017 og hafði þeim heldur fækkað á milli ára. Á síðustu 10 árum hefur þessi gestatala lítið breyst, það þýðir þó ekki að þjónusta við gesti hafi staðið í stað heldur hefur það aukist að þjónusta sé veitt eftir öðrum leiðum en við komu á lestrarsal. Hlutföll karla og kvenna voru þau að 486 karlar og 234 konur komu á safnið og hefur hlutur kvenna aukist á síðustu 10 árum úr því að vera 19,2 % árið 2008 í það að vera 32,5 % árið 2017.



Lán á skjölum úr geymslum safnsins til notkunar á lestrarsal voru 3051 skjalnúmer og höfðu aukist um 7,7% frá fyrra ári og lán til notkunar á sýningum voru 1440. Safninu voru afhentir rúmir 57 hillumetrar af skjölum í 124 afhendingum og er það svipuð tala og árið áður hvað varðar fjölda afhendinga, en umfangið þ.e. hillumetrarnir voru færri.

Héraðsskjalasafninu á Akureyri var færð ný borðtölva og skanni að gjöf í byrjun mars til notkunar fyrir gesti safnsins á lestrarsal. Gefendur voru Nýja kaffibrennslan og Kjarnafæði á Akureyri og eru forsvarsmönnum þessara fyrirtækja færðar bestu þakkir fyrir.

Kynjahlutfall gesta



Skjalaverðir tóku þátt í árlegri ráðstefnu og fræðslufundi Félags íslenskra héraðsskjalavarda í september sem að þessu sinni var haldin að Laugum í Sælingsdal í umsjá Héraðsskjalasafns Dalasýslu. Þar var fjallað m.a. um ljósmyndun og miðlun skjala á vef, vefkerfi og skjalaskráningarkerfi, neyðaráætlanir, rafræna langtímavarðveislu, persónuvernd og upplýsingarétt, starfsmat sveitarfélaga, facebook sem miðlunartæki, samstarf við skóla og fleira.

Þátttaka í Norræna skjaladeginum 11. nóvember var með þeim hætti að sett var upp sýningin Hús og heimili í anddyri safnsins. Sýningarefnið var í takt við yfirskriftina, en sýndar voru fjölbreyttar heimildir sem notast má við þegar saga húsa er könnuð. Sem dæmi voru sýnd skjöl og myndir sem varða húsin og heimilin Lundargötu 10, Sandhóla í Eyjafjarðarsveit, Sigurhæðir á Akureyri og Steinsstaði í Öxnadal. Sýningin stóð út nóvember, en einnig tók safnið þátt í Norræna skjaladeginum með því að senda inn efni á vefinn skjaladagur.is.


Safnið hlaut styrk á vordögum 2017 frá Þjóðskjalasafni Íslands til að vinna og birta á vef ljósmyndir af skjölum, en sams konar styrkur hafði fengist árið áður til ljósmyndunar skjalanna. Þar að auki hlaut safnið ásamt Héraðsskjalasafni Þingeyinga og Héraðsskjalasafni Árnesinga styrk til miðlunar og þróunar á vefviðmóti fyrir birtingu á þessum skjölum. Þann 1. desember var svo vefurinn herak myndahlada.is opnaður og þar má nú sjá yfir 100 bækur frá 9 sveitarfélögum á safnsvæðinu og ná þær yfir tímabilið frá 1790 - 1937. Í þessari bækur er skráð afar áhugaverð saga og eru þær meðal þeirra gagna sem notendur skjalasafna hafa mestan áhuga á að skoða. Þarna má finna upplýsingar um þróun byggðar, búsetu, búfjáreign, fátækrafræðslu, húsakost, byggingaleyfi og margt fleira. Með þessu verkefni er stigið mikilvægt skref í þá átt gera safnkost héraðsskjalasafna aðgengilegri, þar sem hægt er að skoða og sjækja gögnin óháð búsetu og opnunartíma safnsins.

Listasafnið á Akureyri

Frá áramótum 2016/17 hafði Listasafnið á Akureyri einungis yfir að ráða Ketilhúsi sem sýningarrými. Snemma árs var tekið til við framkvæmdir og endurbætur á húsnæðinu að Kaupvangsstræti 12, þ.e. Listasafnsbyggingunni og því var hún lokað allt árið.

Samtals stóð safnið fyrir 15 sýningum á árinu 2017. Sýningarnar skiptust í 6 lengri einkasýningar, 3 stuttar einkasýningar, 3 samsýningar, 2 útskriftarsýningar VMA og A! Gjörningahátíð.

Sýningargestir 2017



Allar sýningarnar voru settar upp í Ketilhúsi utan ein, Ný aðföng: vídeóverk úr safneign, sem var haldin í Verksmiðjunni á Hjalteyri.

Leiðsögn um sýningar ársins fóru fram alla fimmtudaga í hádeginu.

Gestir á sýningum Listasafnsins og fyrirlestrum voru samtals 10.734 (6.449 Íslendingar og 4.285 útlendingar). Alls komu 4.640 manns í safnfræðslu frá grunn- og leikskólum bæjarins, Verkenntaskólanum á Akureyri, Menntaskólanum á Akureyri, Háskólanum á Akureyri og Myndlistaskólanum á Akureyri.

Fyrirlestraröðin Þriðjudagsfyrirlestrar samanstóð af alls 20 fyrirlestrum; 10 í janúar, febrúar og mars og 10 í október, nóvember og desember. Fyrirlestraröðin er haldin í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Myndlistaskólann, Verkenntaskólann, Gilfélagið og Myndlistarfélagið og fóru fyrirlestrarnir fram kl. 17 á þriðjudögum í Ketilhúsinu.

Í byrjun september var A! Gjörningahátíð haldin í þriðja sinn að frumkvæði Listasafnsins í samstarfi við leiklistarhátíðina Lókal, Reykjavík Dance Festival, Menningarfélag Akureyrar / Leikfélag Akureyrar, Listhús á Ólafsfirði og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. A! Gjörningahátíð heppnaðist afar vel og mun hún halda áfram að vera árlegur viðburður í menningarlífi Akureyrar.

Minjasafnið

Flestir kynnst söfnum í gegnum sýningar og viðburði. Það er hins vegar aðeins toppurinn á ísakanum því starfsemi er töluvert fjölbreyttari en virðist við fyrstu sýn. Markmiðið er að sinna menningarþjónustu við íbúa og gesti og stuðla að því að gera mannlíf og menningu svæðisins blómlega fyrir íbúa og áhugaverða fyrir ferðamenn.

Starfsemi safnsins fór fram í Kirkjuhvoli við Aðalstræti, Nonnahúsi, Davíðshúsi, Minjasafnskirkjunni, Gamla bænum Laufási og Gestastofu Laufáss og Varðveislumiðstöð safngripa á Naustum. Í þessum húsum fór fram öflugt starf sem unnið er af metnaði og ástríðu við að varðveita og fræða um áþreifanlegar og óáþreifanlegar minjar. Hlutverk safnsins auk þess að taka á móti gestum er að, safna, skrá, varðveita gripi, sinna rannsóknum og miðla í formi sýninga og safnfræðslu.

Gestafjöldi safnsins jókst nokkuð milli ára en þeir voru 38.968 árið 2017 eða tæplega 2.000 fleiri en árinu áður. Hlutverk safnsins í ferðaþjónustu eflist með hverju árinu. Sýningar Minjasafnsins voru t.d. opnar 360 daga ársins. Nonnahús var opið mánuði lengur en vanalega sem og Laufás þar sem tekið var á móti hópum út október.

Menningarminjalagerinn óx líka árið 2017. Minjasafnið á Akureyri varðveitir þriðja stærsta safnkost á landinu. Hann samanstendur af 2.702.268 ljósmyndum og 35.000 gripum sem íbúar svæðisins hafa gefið safninu sl. áratugi. Í ár bárust safninu 14.712 ljósmyndir frá 38 gefendum. Stærsta einstaka gjöfin var frá Magnúsi Viðari Arnarsyni. Tekið var á móti 83 gripum árið 2017 frá 65 gefendum.

Aðgengi að safngripum er ekki bundið við sýningar eða safnhúsin. Minjasafnið er nú komið heim í stofu og eykst notkun vefsins með hverju árinu. Eitt meginverkefni starfsmanna safnsins 2017 eins og áður er að skrá í Sarp. Safnið hefur nú skráð 9.477 gripi og 17.990 ljósmyndir á Sarpur.is.

Í öllum safnhúsum fór fram viðamikil fræðslustarf. Helsta markmið safnfræðslu er að veita innsýn í sögu og menningu svæðisins. Árið 2017 voru gestir í safnfræðslu 3.021 í 138 hópum af öllum skólastigum og ýmsum þjónustustofnunum Akureyrarbæjar. Ýmis félagasamtök fengu starfsfólk safnsins til að halda erindi hjá sér.

Safnið er ekki eingöngu geymslustaður heldur vettvangur sköpunar og veitir innblástur. Í byrjun árs fór safnið í samstarf við grafísku hönnunardeild Myndlistarskólans á Akureyri en nemendur hans fengu það verkefni að hanna kynningarefni fyrir safnið. Í Davíðshúsi talaði Sigríður Soffía Nielsdóttir dansari og danshöfundur um verk sitt Svartar fjaðrir sem byggir á ljóðum Davíðs Stefánssonar úr samnefndri ljóðabók. Efni, hrynjandi og innihald ljóða hans voru uppstaða dansverksins sem var opnunarviðsverk Listahátíðar í Reykjavík 2015.

Starfsfólk safnsins stóð að ýmsum rannsóknum og varðveislu á ljósmyndum og gripum safnsins. Stærsta rannsókn undanfarna ára er fornleifarannsókn á Gásum en unnið er að úrvinnslu hennar í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands. Í tengslum við rannsóknina stóðu sveitarfélög á svæðinu að uppbyggingu á Gásum sem ferðamannastað. Hlutverk Minjasafnsins hefur verið að halda utan um uppbygginguna og fyrir hönd Gásakaupstaðar ses. Þá hefur

safnið einnig séð um framkvæmd Miðaldadaga á Gásum.

Sýningar safnsins voru;

Land fyrir stafni! Unnið var nýtt þema úr Íslandskortasafni Schulte hjónanna og var haldið áfram að þróa fjölskylduvænar heimsóknir á sýninguna.

Árleg jólasýning var sem mér var gefið, þar sem áherslan var á jólagjafir. Sýningin var í senn fræðslusýning fyrir skóla og ætluð almennum safngestum.

Sýning Þjóðminjasafns Íslands Með kveðju - myndheimur íslenskra póstkorta 1898-2015 var opin í norðursal Minjasafnsins til páska.

Sumarsýning safnsins, Að lesa blóm á þessum undarlega stað, fjallaði um vestur-íslenska hermenn í fyrri heimstyrjöldinni. Sýninguna gerði Kristín María Hreinsdóttir.

Í október opnaði sýning á efri hæð í Norðursalnum Skátar á Akureyri í 100 ár sem unnin var í samstarfi við nokkra vaska skáta úr Skátafélaginu Klakk en Þjóðminjasafn Íslands lánaði sjálfan skátahöfðingjann Baden Powell.

Safnið tók þátt í eða skipulagði 33 viðburði á árinu. Þeirra viðamestar voru Miðaldadagar á Gásum. Í Davíðshúsi fór fram viðburðaröðin Allar gáttir opnar sumarið 2017, heilunarguðsþjónusta var haldin í Minjasafnskirkjunni, þar voru einnig tónleikar með lögum og ljóðum Elísabetar Geirmundsdóttur, í Laufási voru líflegir viðburðir um sumar og á adventunni.

Að þessu þróttmikla starfi stóðu 5 starfsmenn í föstu starfi en á annatíma bættust við 15 starfsmenn við móttöku gesta.

Menningarfélag Akureyrar

Fjárhagsstaða MAK 2017 var afar þröng og þurftu Leikfélag Akureyrar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands að búa við verulega skert fjárframlög. Þrátt fyrir það tókst með útsjónarsemi, frumkvæði og elju að setja saman metnaðarfulla dagskrá fyrir starfsárið 2017-2018.

Áhorfendur á viðburði framleidda af MAK voru 14.000 en um 320.000 gestir fóru um húsið yfir árið.

Leiklistarskóli Leikfélags Akureyrar hóf að venju sína starfsemi í byrjun árs með námskeiðum fyrir börn í 3. til 10. bekk grunnskóla. Í mars frumsýndi Leikfélag Akureyrar nýtt íslenskt barnaleikrit Núnó og Júníu þar sem áhorfendum var boðið að mæta sig við distópískan heim þar sem kröfur samfélagsins á einstaklinga voru orðnar svo aðgangsharðar að kærleikur og hlýja hafði vikið fyrir metnaði og öfgum. Í sýningunni spiluðu leikarar frá Leiklistarskóla LA stórt hlutverk, höfundur og leikstjóri var Sara Martí Guðmundsdóttir. Verkið fékk góða dóma sérstaklega þóttu efnistökin eiga erindi við ungmennti í dag.

Í september frumsýndi félagið Kvenfólk eftir Hund í óskilum í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Sýningin sem fjallar um helstu byltingahetjur Íslandssögunnar hlaut fanta góðar viðtökur og dóma. LA bauð upp á fría sýningu í október í tilefni af Kvænnafrídegnum.

Í desember sneri Stúfur aftur í Samkomuhúsið. Sýndar voru fjórar almennar sýningar og í kjölfarið var öllum nemendum í 3. og 4. bekk í grunnskólum Akureyrar boðið að sjá sýninguna.

LA fékk til sín gestasýningar, Improv Ísland í janúar, barnasýninguna Töll eftir Gretu Clough í febrúar. Í september kom sýningin Hún þabbi eftir Hannes Óla og í október kom sýningin Þú kemst þinn veg eftir Finnþóga Þorkel Jónsson í tilefni af alþjóða geðheilbrigðisdeginum.

Á árinu voru fjöldamargir og afar vel sóttir tónleikar og viðburðir í Menningarhúsinu Hofi, þ.á m. tónleikar Gretu Salome og Alexander Ryback, Eurovisionpartý Friðriks Ómars og Regínu Óskar, tónleikar með Skálmöld, Dúndurfréttum, Innrásin frá Mars, karlakórstónleikar og Jesus Christ Superstar í tónleikaútfærslu. Auk þess var Mugison í Samkomuhúsinu og Iceland Airwaves kom til Akureyrar í fyrsta sinn. Haldnir voru 10 jólatónleikar.

Í fyrsta sinn var úthlutað úr Tónlistarsjóði Hofa og Samkomuhússins. Akureyrarstofa sá um framkvæmd og úthlutun. 12 aðilar fengu styrk og 3 aðilar héldu tónleika á þessu ári.

Viðburðasvið Menningarfélagsins kom að ýmsum samvinnuverkefnum bæði stórum og smáum þar á meðal má nefna; Menningardagskrá um Jónas Hallgrímsson með Jónasarsetri, Föstudagsfreistingar Tónlistarfélags Akureyrar, sumar- og jazztónleikaröð með 1862 Nordic Bistro, Miljarður rís (dans í Hamragili) með UN Women, kvikmyndasýningu á Eíðinum fyrir unglinga í 9. bekk í samvinnu við Akureyrarbæ og Saga Film.

Lýðræðishátíðin Fundur fólksins var í fyrsta sinn haldinn á Akureyri í samvinnu við Almannaheill og Akureyrarbæ. Þátttakendur

(félagasamtök, stofnanir, stjórnarmálflokkar) voru 49.

Kristinn Sigmundsson tenór og Daniel Þorsteinsson píanóleikari héldu tónleika í Hömrum undir yfyrskriftinni "Förusveinar og konungar". Færri komumst að en vildu.

Finnska vikan var haldin í tilefni aldarafmælis finnska lýðveldisins og í tengslum við stórtónleika Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, Finlandia og Frón. Vikan samanstóð af upplestri vel kunnra Akureyringa úr finnskum bókum á 1862 Nordic Bistro, finnskri stuttmyndasýningu í samvinnu við finnska sendiráðið, finnskri matargerð í samvinnu við 1862 alla vikuna, finnskri tónlist fyrir matargesti Nönnu, upplestri á finnskum barnabókum fyrir börn sem lauk með föndurstund og BarSvari á R5 í samvinnu við Norræna félagið.

Boðið var upp á danskenslu í Hömrum, annars vegar salsa með Önnu Richards og hins vegar samkvæmisdans með Önnu Breiðfjörð.

Fjórar myndlistarsýningar voru haldnar í Hamragili og Leyningi. Aðgerð/Gutted: Haraldur Ingi Haraldsson bæjarlistamaður Akureyrar 2016-17, Við skin Norðurljósa – pólsk veggspjöld, 22 konur: Íris Auður Jónsdóttir, Endurtekningar: og Helga Sigríður Valdemarsdóttir.

Í ár var ákveðið brydda upp á nýjung í samstarfi við Listasumar. Hún fólst í því að bjóða listafólki, sem hlotið hafði styrk úr Listasumarssjóði Akureyrarstofu, Naust eða Hamra ákveðna daga á tímabilinu 24. júní – 28. ágúst. Viðburðirnir voru liðir í Listasumri og sköpuðu um leið líf í menningarhúsinu. Það tókst ákaflega vel til. Eftirtaldir viðburðir voru í húsi: Söngperlur í árána rás með Helgu Kvam píanóleikara og Þórhildi Örvarsdóttur söngkonu, pönkhljómsveitirnar Úlfar, World Narcosis og Brák voru með sameiginlega tónleika, Vala Yates söngkona ásamt Dimitrios Theodoropoulos gítarleikara héldu tónleika, dansgjörningurinn Never Pink og tónleikar Fanneyjar Kristjánsdóttur til heiðurs Ellu Fitzgerald.


Akureyrarvaka í ár var vel sótt í Hofi og komu þangað hátt í 2.300 gestir. Boðið var upp á opnun myndlistarsýningar, stuttmyndasýningu, Vísindasetur og leiksýningu.

Skráðir fundir í húsinu voru 246 (smáir, stórir, opnir, lokaðir) og 9 innlendar og alþjóðlegar ráðstefnur.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Árið 2017 var metár varðandi fjölda tónleika hjá SN. Hljómsveitin lék á 15 tónleikum. Aukninguna má rekja til áherslubreytinga í rekstri en hljómsveitin veitir nú sinfóníska þjónustu til þriðja aðila. Bæði varðandi það að leika sinfóníska tónlist inn á kvikmyndir í Hofi og útvega og sjá um sinfóníuhljómsveit fyrir aðra viðburðarhaldara en MAK. Þessi nýja starfsemi fer fram undir nafninu SinfoniaNord. SinfoniaNord lék inn á bíómyndir og sjónvarpsþætti, þ.á m. „The Vikings“ og „Lói þú flýgur aldrei einn“.

Kynjahlutfall



Í febrúar lék SN með hljómsveitinni AMABADAMA á tvennum tónleikum í Hofi og Hörpu. Stjórnandi var Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson. Í mars voru litlir strengjasveitartónleikar í Hömrum þar sem verk eftir Avro Paart og Nino Rota voru flutt. Stjórnandi var Guðmundur Óli Gunnarsson. Hljómsveitin tók þátt í stórsýningunni „War of the Worlds“ í Hofi og Hörpu í sama mánuði. Í apríl voru sögulegir tónleikar í Hofi þegar um 120 manns léku tónlist Atla Örvarssonar kvikmyndatónskálds fyrir fullu húsi. Stjórnandi var Atli Örvarsson.

Í apríl fékk Sinfóníuhljómsveit Norðurlands verðlaun fyrir frumkvöðlastarf í upptökum á kvikmyndatónlist í Menningarhúsinu Hofi og sköpun nýrra tækifæra fyrir tónlistarfólk. Í ágúst voru þrjár

sýningar í Hörpu á kvikmyndinni „Lord of the Rings“ við lifandi undirleik 90 manna sínfóníuhljómsveitar og 150 manna kórs. SinfoniaNord sá um að manna hljómsveitina og sá um alla umsýslu. Hljómsveitin uppskar fimm stjörnu dóm í Fréttablaðinu. Haldið var upp á 50 ára afmæli meistaraverksins „Sgt Peppers Lonely Heart Club Band“ í Hofi og Hörpu. SinfoniaNord sá um sínfóníska hluta tónleikanna.

Fyrstu styrktu tónleikarnir voru afmælistónleikar til heiðurs Leikfélags Akureyrar á 100 ára afmæli þess. Uppselt var á sýninguna. Stjórnandi var Kjartan Valdemarsson.

Í október kom hinn heimsfrægi hljómsveitarstjóri Petri Sakari til Akureyrar til að taka þátt í tónleikum sem voru hápunktur finnskrar menningarviku sem MAK hélt í tilefni 100 ára afmælis finnska lýðeldisins. Fluttu verk eftir Sibelius og Áskel Måson. Sérstakur heiðursgestur var finnski sendiherrann Valteri Hirvonen.

Í nóvember voru tvennir fjölskyldutónleikar í samstarfi við Sankti Pétursborgarballettinn þar sem sínfónían lék í gryfjunni undir danssýningu þessa fræga ballets. Að þessu sinn var fluttur ballettinn Þyrnirós við tónlist Tchaikovskys. Stjórnandi var Vladim Nikitin.

Tónleikagestir SN voru rúmlega 11.000 á árinu.


Forvarna- og frístundadeild

Á Akureyri eru starfræktar fimm félagsmiðstöðvar (Félak) sem allir grunnskólar sveitarfélagsins hafa aðgang að. Allt starfsfólk Félak vinnur að sameiginlegum markmiðum og veitir 10-16 ára ungmennum þjónustu sína. Skólarnir utan Akureyrar fá þjónustu í formi námskeiða, fræðslu og ráðgjafar: Hríseyjarskóli og Hlíðarskóli fá reglubundna þjónustu en Grímseyjarskóli eftir aðstæðum.

Umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna starfa sem forvarna- og félagsmálaráðgjafar hjá Akureyrarbæ og sjá því einnig um Velferðaráætlun forvarna fyrir 0-25 ára samhlíða starfinu í félagsmiðstöðvunum.

Börn og unglingar í bænum geta sótt þá félagsmiðstöð sem þau kjósa óháð sínum heimaskóla. Ópið er fjögur kvöld í viku í mismunandi félagsmiðstöðvum fyrir unglinga. Að auki er fjölbreytt klúbbastarf fyrir alla aldurshópa sem dreifist á alla virka daga. Í öllum grunnskólum er kennd valgrein, félagsmálafræði, fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Auk þessara hefðbundnu starfa hafa umsvif Félak aukist síðustu ár og má þar meðal annars nefna Skólasmíðju og fleiri sértek verkefni. Reynt er að sjá til þess að í starfinu séu umsjónarmenn hópa af báðum kynjum til að tryggja börnum og unglingum aðgang að sterkum kynjafyrirmyndum. Einnig er áhersla lögð á að framboð verkfema hjá félagsmiðstöðunum sé sem jafnast til beggja kynja.

Kynjahlutfall



Forvarna- og félagsmálaráðgjafar sinna fjölbreyttri forvarnafræðslu fyrir bæði skóla og vinnuskóla. Einnig halda þeir utan um velferðaráætlun forvarnastefnu sem gerð er til tveggja ára í senn og felur í sér þær aðgerðir sem framkvæmdar eru í forvarnaskyni. Að auki leita ráðgjafarnir leiða til að vekja athygli á forvarna- og lýðheilsutengdum málum í samfélaginu, til dæmis með pistlum í miðlum sveitarfélagsins og með útgáfu dagatals svo eitthvað sé nefnt. Öll þjónusta er gjaldfrjálss en einstaka viðburðir kosta og er þá lögð áhersla á að styðja við fjárflyflun svo kostnaður komi ekki í veg fyrir þátttöku.

Samanlagðar heimsóknir í félagsmiðstöðvar Akureyrar á árinu 2017 eru u.þ.b. 19.000 en ekki er mögulegt að mæla alla þátttöku. Ekki er greinanlegur munur á þátttöku milli kynja.

Ungmennahúsið er upplýsinga- og menningarmiðstöð fyrir

ungt fólk frá 16 ára aldri. Segja má að starfsemin skiptist í tvær meginlínur, ráðgjöf og stuðning undir merkjum Virkisins og svo menningu og listir.

Starfsfólk Ungmennahúss-ins hjálpar ungu fólki að koma góðum hugmyndum í framkvæmd og veitir aðstöðu til fjölbreytilegra verkfema. Sem dæmi er í boði hljóðver, myndlistargallerý, tölvur til myndvinnslu og æfingarými fyrir hljómsveitir. Einnig er salur sem er vel útbúinn til tónleika- eða minna sýningarhalds.

Í Ungmennahúsinu eru starfandi ýmsir hópar og klúbbar, s.s. Hinsegin Norðurland, AFS og spilafélag Akureyrar. Alltaf er rými fyrir fleira fólk og fleiri verkfemi. Boðið er upp á ráðgjöf og stuðning fyrir ungt fólk um fjölbreytt mál, svo sem vegna atvinnu, skóla, eða heilsufarsmála. Ýmis konar námskeið eru í boði og fjölbreytt úrræði undir hatti Virkisins sem er samstarfsverkefni fjölmargra stofnana sem vinna með ungu fólki og er staðsett í Ungmennahúsinu. Einnig veitir Ungmennahúsið ráðgjöf og aðstoð vegna tækifæra sem felast í erlendu samstarfi í gegnum Evrópu unga fólksins. Öll þjónustan er gjaldfrjálss.

Samtals eru heimsóknir í Ungmennahúsið árið 2017 um það bil 5.000 yfir 9 mánaða tímabil en yfir sumarmánuðina breytist starfsemin og einungis skapandi sumarstörf eru í boði. Ekki er öll þátttaka eða heimsóknir skráðar. Aðeins hallar á kvenkynið en hlutfallið er rétt um 60 % karlkyn og 40 % kvenkyn.

Punkturinn starfaði með hefðbundnu sniði sl. ár. Fjöldi þeirra sem sóttu tólmundastarf barna og fullorðinna var 18.994, þar af 76 % konur og 24 % karlar.

Kynning á starfseminni fer fram á haustin. Boðið var upp á opna aðstöðu til handverksíðkunar auk styttri og lengri námskeiða, barnanámskeið eru í boði eftir að skóla lýkur á daginn. Í boði voru ýmis námskeið fyrir börn og fullorðna t.d. glerbræðsla, leirmótun, húsgagnaviðgerðir, tálgun, mósaik, fatasamur, kimono, konur og kollar, töff tréskilti, taubrykk, námskeið á trérennibekk og brjóstsykurgerð svo eitthvað sé nefnt. Heimasíða Punksins er punkturinn.akureyri.is.

Barna- og unglingastarfið fer fram á Punktinum milli kl. 15-17. Kynning á starfsemi barna- og unglinga fer fram í grunnskólunum á haustönn og eftir áramót.

Félagsmiðstöðvar eldri borgara eru tvær, í Viðilundi 22 og Bugðusiðu 1. Starfsemin er mjög fjölbreytt og í stöðugri mótun í samvinnu við notendaráð eldri borgara og EBAK (Félag eldri borgara á Akureyri). Kynning á starfseminni fer fram á haustin. Góð samvinna er við EBAK en félagið hefur skrifstofuáðstöðu og fundarherbergi í Bugðusiðu 1.

Aðsókn er mjög góð en þó sækja fleiri stafsemina í Viðilundi 22 en í Bugðusiðu 1. Fjöldi bæjarbúa sem er á aldrinum 67-87 ára er tæplega 1.300 sunnan Glerár en tæplega 600 norðan Glerár og skýrir það að einhverju leyti muninn á aðsókn í félagsmiðstöðvarnar. Fólk les blöðin, fær sér kaffisopa eða sækir annað félags- og tólmundastarf. Ýmis námskeið eru í boði í handverki auk ýmissa annarra námskeiða, s.s. tækninámskeiða sem fylgja nútímanum eða fólk kemur bara til að spjalla, lesa blöðin og fá félagsskap.

Aðventuhátíð og þorablótsgleði eru haldnar sameiginlega fyrir báðar félagsmiðstöðvarnar í sal Viðilundi og eru mjög vel sóttar. Sérstakt þorablót var haldið í Bugðusiðu 1 og það var mjög vel sótt. Handverkssýning er á hverju vori og fjölsótt af íbúum bæjarins. Handverkssýningin var haldin í Íþróttahöllinni og er stór viðburður. Selt var kaffi og meðlæti sem notendaráðið stóð fyrir og sá alfarið um alla skráningu.

Ýmsir aðrir viðburðir eru á hausti og vori.

Íþróttadeild

Í upphafi árs 2017 hækkaði frístundastyrkur fyrir 6-17 ára börn á Akureyri í 20.000 kr. Nýting frístundastyrksins var um 74 % árið 2017. Alls notuðu 2.399 börn og unglingar á aldrinum 6-17 ára frístundastyrkinn með einhverju móti árið 2017. Frístundastyrkurinn var notaður fyrir alls 47.022.271 kr. sem samsvarar að meðaltals styrkupphæð þessara 2.399 barna og unglinga var 19.601 kr. Kynjaskiptingin á notkuninni er 51 % drengir og 49 % stúlkur. Flestar skráningar eru hjá Íþróttafélaginu Þór, Knattspyrnufélagi Akureyrar og Fimleikafélagi Akureyrar sem eru með um 58 % allra skráninga.

Á árinu var unnin ný íþróttastefna Akureyrarbæjar og ÍBA. Íþróttastefnan á að vera leiðarljós og aflvaki fyrir bæjaryfirvöld, forystumenn íþróttahreyfingarinnar og aðra íbúa til framfara og



Tafla 1 - Heimsóknir í íþróttamannvirki

Mannvirki	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Hlíðarfjall	53.571	65.333	48.524	65.034	75.714	60.435	64.457
Íþr.míðstöðin í Hrísey	10.447	10.328	9.865	12.423	13.198	10.500	12.500
Sundlaug Akureyrar	388.963	365.364	349.614	362.536	352.401	323.292	330.000
Sundlaug Glerárskóla	83.500	82.000	74.000	62.000	60.000	58.000	58.000
Sundlaugin í Grímsey	1.666	1.408	1.231	1.960	1.466	2.200	2.000

góðra verka á sviði íþróttamála og lýðheilsu. Á grundvelli hennar munu frístundaráð og stjórn ÍBA byggja aðgerðaráætlanir sínar til lengri og skemmri tíma. Í vinnuferlinu var m.a. gerð viðhorfskönnun meðal íþróttafélaga svæðisins og hagsmunaaðila um mikilvægustu viðfangsefni íþróttamála í bænum. Einnig var haldinn stefnumótunarfundur með forsvarsmönnum íþróttamála á svæðinu þann 10. maí í golfskólanum að Jaðri auk þess sem haldinn var opinn íbúafundur í Hofi þann 6. júní. Stefnan skiptist í sex meginkafla: Almenningsíþróttir og lýðheilsumál; Samvinna íþróttafélaga; Íþróttaaðstaða og mannvirki; Afreksstarf; Samspil íþróttar og skóla og Íþróttatengd ferðaþjónusta. Stefnuna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Nýjar og glæsilegar rennibrautir voru vígðar og teknar í notkun í Sundlaug Akureyrar. Nafnasamkeppni var haldin af því tilefni og hlutu brautirnar nöfnin; Flækjan, Trekkin og Fossinn. Samhliða rennibrautunum var ný og stærri lendingarlaug opnuð og fyrsta steypa kalda kar landsins. Gufubaði sundlaugarinnar á 2. hæð var lokað og það rými tekið undir búningsskafa í sérstökum tilfellum. Framkvæmdir standa ennþá yfir á lóð Sundlaugar Akureyrar og eru verklok áætluð á vormánuðum 2018.

Íþróttahús Naustaskóla sem var tekið í notkun haustið 2016 var vígt formlega haustið 2017.

Gengið var frá samningum um kaup á nýrri notaðri stólalýftu í Hlíðarfjall og um haustið hófst undirbúningur að framkvæmdum við uppsetningu lyftunnar sem verður árið 2018. Nýtt miðasölukerfi var tekið upp í Hlíðarfjalli á árinu og nýr snjótroðari af gerðinni Pisten Bully 600 bættist í flota Hlíðarfjalls á árinu.

Í Íþróttamiðstöð Giljaskóla var farið í að endurnýja og bæta við búnað í lendingargryfju og nýtt fjáðurgólf var keppt.

Inn í Bogann var keyptur rafvinnubíll til að viðhalda grasinu til að auka loftgæði innanhúss.

Í lok árs var vallarklukkan á Akureyrarvelli endurnýjuð.

Á árinu voru framkvæmdir á félagssvæði Nökkva sbr. uppbyggingarsamning þess efnis.

Á skólalóð Lundarskóla reis utanhúss körfuboltavöllur sem rekin er saman af fræðslusviði og íþróttadeild.

Íþróttamannvirki bæjarins eru sjö íþróttahús, fjórar sundlaugar, skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, knattspyrnuhöll, reidhöll, skautahöll og tvær stúkubyggingar. Auk þess tekur íþróttadeild þátt í rekstri sjö sparkvalla, þriggja hjólabrettasvæða og einum útikörfuboltavelli með öðrum sviðum bæjarins og kemur að rekstri s.s. knattspyrnugrasvalla, golfvallar og aksturssvæðis í formi rekstrarstyrkja.

Heimsóknir og aðsókn í íþróttahús bæjarins er svipuð milli ára þar sem grunnskólar og aðildarfélög ÍBA eru áberandi í mannvirkjunum, en árið 2017 sóttu um 330 þús. manns Íþróttahöllina, 115 þús. Íþróttahús Glerárskóla annars vegar og Íþróttamiðstöð Giljaskóla hins vegar. Í Íþróttahús Síðuskóla koma

Tafla 2 - Helstu seldu einingar í Sundlaug Akureyrar

Einingar	2017	2016	2015
12 mánaða kort fullorðinna	782	840	724
10 mána kort fullorðinna	2.535	2.188	1.841
30 mána kort fullorðinna	659	544	755
1 miði fullorðinna	56.063	59.376	56.439
12 mánaða kort 67 ára og eldri	442	443	341
1 miði 67 ára og eldri	4.365	4.193	2.958
12 mánaða kort barna	1.110	908	955
10 mána kort barna	434	364	359
1 miði barna	41.607	33.193	31.030
Samtals	106.556	102.049	95.402

Tafla 3 - Íslandsmeistarar og landsliðsmenn

Ár	Íslandsmeistarar	Landsliðsmenn					
	Fjöldi	KVK	KK	Fjöldi	KVK	KK	
2017	243	52%	48%	114	41%	59%	
2016	301	41%	59%	101	40%	60%	
2015	270	34%	66%	102	36%	64%	
2014	154	38%	62%	86	45%	55%	
2013	162	33%	67%	102	38%	62%	
2012	224	53%	47%	107	41%	59%	
2011	162	32%	68%	96	40%	60%	

um 104 þús. gestir árlega. Rúmlega 4 þúsund heimsóknir eru í Íþróttahúsið við Laugargötu. Tálning í Hlíðarfjall byggir á seldum einingum og sama á við um sundlaugar bæjarins að viðbættum grunnskólanemum, sjá töflu 1 á næstu síðu. Í töflu 2 er að sjá yfirlit yfir helstu seldu einingar í Sundlaug Akureyrar.

Stærstu kostnaðarliðir íþróttamála eru húsaleiga til Umhverfis- og mannvirkjasviðs sem var 784 milljónir á árinu og styrkir í formi húsaleigu til aðildarfélaga ÍBA sem námu 329 milljónum. Lausafjárleiga og leiga til eignarsjóðs var 61 milljón á árinu.

Aðildarfélög ÍBA standa fyrir og koma að mörgum og fjölbreyttum árlegum íþróttaviðburðum í íþróttamannvirkjum bæjarins. Auk þess fara margvíslegir aðrir viðburðir fram í húsunum, s.s. tónleikar, listasýningar, veislur, ráðstefnur og fundir. Af íþróttaviðburðum ársins ber helst að nefna að einn stærsti íþróttaviðburður ársins var á vegum Skautafélags Akureyrar í samstarfi við Íshökkisamband Íslands sem stóð fyrir riðlakeppni í Heimsmeistarakeppi kvenna í íshokki í Skautahöllinni í febrúar og mars. Skíðamót Íslands fór fram í Hlíðarfjalli í lok febrúar og byrjun mars. Vormót Júðósambands Íslands í samstarfi við Draupni fór fram í Íþróttahúsi Naustaskóla í mars, Íslandsmót í fimleikum fór fram í Íþróttahúsi Giljaskóla í maí, Norðurlandameistaramót í Skeet fór fram á félagssvæði Skotfélags Akureyrar í júlí.

Á árinu varð Skautafélag Akureyrar 80 ára, Svifflugfélag Akureyrar varð 80 ára og Skotfélag Akureyrar varð 50 ára. Alls var 7.121 iðkandi skráður hjá aðildarfélögum ÍBA árið 2016, þar af voru 62% karlar og 38% konur. 53% voru 15 ára og yngri en 47% voru 16 ára eða eldri.

Árið 2017 birti ÍSÍ iðkendatölur byggðar á upplýsingum frá 2016. Fjöldi iðkenda 17 ára og yngri innan vébanda ÍBA var samtals 4.215, þar af voru 56% drengir og 44% stúlkur. Fjöldi iðkenda 18 ára og eldri var samtals 3.284, þar af voru 70% karlar og 30% konur. Alls eru 7.499 iðkendur skráðir hjá aðildarfélögum ÍBA, þar



af 62% karlar og 38% konur. Um 55% af öllum iðkendum eru skráðir í fjögur aðildarfélög ÍBA.

Íþróttadeild heldur utan um verkefnið Heilsueflandi samfélag og stendur fyrir ýmsum viðviðburðum. Líkt og undanfarin ár var efnt til átaksins Akureyri á iði í maí í samstarfi við ýmsa aðila og félög sem vinna að heilsueflingu og íþróttum. Meðan á áttakinu stendur er bæjarbúum boðið að stunda fjölbreytta heyfingu og heilsueflingu öllum að kostnaðarlausu. Allur maímánuður var lagður undir verkefnið sem tókst vel. Íþróttadeild styrkti heilsufarsmælingar sem stóðu öllum íbúum til boða dag einn í október og mættu u.þ.b. 300 Akureyringar í mælingu. Annað árið í röð var öllum grunn- og framhaldsskólanemendum á Akureyri boðinn frír aðgangur að sundlaugum og Hlíðarfjalli í einn dag í vetrarfríi skóla á Akureyri í mars.

Undirritaður var nýr samstarfssamningur við ÍBA sem felur í sér auknið hlutverk og meiri ábyrgð bandalagsins, m.a. með flutningi ákveðinna verkefna frá bænum til ÍBA. Frístundaráð gerði rekstrarstyrktarsamning við Bílaklúbb Akureyrar fyrir árið 2017. Frístundaráð veitti rekstrarstyrk í formi eingreiðslu til þrettán aðildarfélag ÍBA árið 2017. Frístundaráð veitir landsliðsmönnum aðildarfélag ÍBA styrk í formi árskorts í sundlaugar Akureyrarbæjar. Frístundaráð veitti tveimur kvennadeildum aðildarfélag ÍBA rekstrarstyrki á árinu. Alls veitti frístundaráð styrki og framlög fyrir um 192 milljónir á árinu í formi byggingarstyrkja, ýmissa styrkja og afrekssjóðs auk styrkja í formi húsaleigu sem taldir voru hér ofar.

Frístundaráð og Afrekssjóður taka saman upplýsingar um fjölda Íslandsmeistara og landsliðsmanna aðildarfélag ÍBA árlega og veita viðurkenningar í samræmi við þær upplýsingar (sjá töflu 3).

Jafnréttismál

Í byrjun árs 2016 samþykkti bæjarstjórn nýja jafnréttisstefnu ásamt aðgerðaráætlun til þriggja ára.

Þær kröfur eru gerðar til jafnréttisáætlana sveitarfélaga að í þeim komi fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum og að þær innihaldi framkvæmdaáætlun um hvernig leiðréttu skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins.

Akureyrarbær hefur einnig skyldur samkvæmt jafnréttislögum sem vinnuveitandi og ber því í jafnréttisáætlun sinni að gera sérstaklega grein fyrir því hvernig vinna skal að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf; hvernig launajafnrétti skuli tryggt; að þess sé gætt að störf séu opin báðum kynjum; að bæði kyn njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar; að gerðar séu ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf; og koma í veg fyrir kynbundna og kynferðislega áreitni.

Sérstakar kröfur eru einnig gerðar til sveitarfélagsins vegna skólastarfs og íþróttar- og tómstundastarfs og tekur jafnréttisstefnan mið af því. Öll svið og stofnanir bæjarins skulu taka mið af jafnréttisstefnunni.



Skipulagssvið

Meginverkefni skipulagssviðs eru skipulags- og byggingarmál. Af skipulagsmálum má helst telja vinnslu og umsjón aðalskipulags sveitarfélagsins, deiliskipulag hverfa, umhverfisskipulag, umferðarskipulag og þátttöku í gerð svæðisskipulags. Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 leggur línur og er ákvarðandi fyrir landnotkun. Af byggingarmálum má helst telja yfirferð teikninga og hönnunargagna, útgáfu byggingarleyfa og byggingareftirlit á grundvelli laga um mannvirkni nr. 160/2010. Auk þess skráningu lóða og fasteigna, samvinnu við aðrar deildir bæjarins, fyrirtæki og stofnanir varðandi skipulagsmál o.fl., umsagnir um skipulagstengd atriði, kynningarfundir og upplýsingagjöf.

Leiðarljós skipulagssviðs er að vinna að hagsmunum bæjarbúa með vandaðri og faglegri vinnu. Nota ber byggingareftirlit sem neytendavernd til að tryggja gæði bygginga, skapa fjölbreytt og vandað búsetumhverfi, og leggja áherslu á sérkenni bæjarins með vandaðri hönnun og varðveislu hvers konar menningarminja. Byggja skal á viðmiðum umhverfisverndar, verndun vistkerfa og sjálfbærni. Stuðla ber að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu eða óhöflegt álag á vistkerfi í sveitarfélaginu.

Skipulagsráð hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir það heyrir. Það hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010.

Sýn skipulagsráðs og meginmarkmið byggir á leiðarljósi sem sett er fram í drögum að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030. Áhersla er lögð á sátt um útfærslu samþykktara skipulagshugmynda, skilvirka afgreiðslu erinda og opna stjórnýsly.

Skipulagsráð vinnur að þéttingu byggðar með áherslu á grænar lausnir, margs konar atvinnustarfsemi og fjölbreyttan samgöngumáta.

Sviðsstjóri skipulagssviðs er framkvæmdastjóri skipulagsráðs og sér einnig um daglegan rekstur skipulagssviðs en þar starfa átta manns. Framkvæmd byggingarmála og byggingareftirlits heyrir einnig undir skipulagssvið. Sviðsstjóri skipulagssviðs er jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúi, og undir hann heyrir öll byggingarmál, útgáfa byggingarleyfa og byggingareftirlit.

Skipulagsráð hélt 30 fundi á árinu 2017 og umfjallanir voru 667 (voru 591 árið 2016). Byggingarfulltrúi (skipulags- og byggingarfulltrúi) hélt 45 afgreiðslufundi vegna byggingarmála og voru umfjallanir 528 (463 árið 2016).

Skipulagsmál

Helstu skipulagsverkefni lokið 2017:

- Deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis í Hrísey
- Rammahluti Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030 - Oddeyri

Helstu skipulagsbreytingar:

- Breytingar deiliskipulags Hagahverfis
- Grænhóll

Skipulagsverkefni í vinnslu 2017:

- Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030
- Rammahluti aðalskipulags Oddeyri
- Deiliskipulag Hvannavallareits
- Deiliskipulag Melgerðisáss
- Deiliskipulag Hrísey hafnarsvæði
- Uppfærsla miðbæjarskipulags

Samkvæmt stefnu skipulagsráðs er lögð áhersla á neðangreind verkefni á kjörtímabilinu:

- Gerð nýs aðalskipulags Akureyrar
- Þétting byggðar
- Uppbygging miðbæjarins
- Heildarskipulag Oddeyri og áframhaldandi deiliskipulagning hverfa bæjarins
- Tenging göngustígakerfis við þéttbýliskjarna í nágretta-sveitarfélögum og við fólkvanginn á Glerárdal
- Endurskoðun á reglum um lóðaveitingar
- Akureyrarvöllur, breytt landnotkun
- Endurskoðun á gjaldskrá afgreiðslu- og þjónustugjalda
- Raforkuflutningur þvert yfir Eyjafjörð taki tillit til flugöryggis, íbúabyggðar og fólkvangs á Glerárdal
- Verklagsreglur um stöðuleyfi fyrir gáma
- Verklagsreglur um lokanir gatna

Svæði skilgreind í aðalskipulagi sem verkefni vegna þéttingar byggðar:

- Skipagata, bílastæði o.fl.
- Akureyrarvöllur, íþróttavöllur
- Hvannavallareitir
- Furuvellir, endurnýting verslunar- og þjónustusvæðis
- Hjalteyrargata - Laufásgata endurnýting athafnasvæðis
- Svæði ofan Glerártorgs, opið svæði, ódeiliskipulagt
- Klettaborg ofan Glerártorgs og sunnan Háskólasvæðis, opið svæði, ódeiliskipulagt
- Hrafnagilsstræti/Byggðavegur/Þingvallastræti, hluti tjaldsvæðis, ódeiliskipulagt



- Svæði Dalsbraut/Hamragerði, opið svæði meðfram Dalsbraut
- Svæði Dalsbraut/Stóragerði, opið svæði meðfram Dalsbraut
- Kotárborgir milli HA og Pálmholts, opið svæði, ódeiliskipulagt
- KA-svæði æfingavöllur, ódeiliskipulagt
- Naust 3 áður safnasvæði, að mestu óbyggt, ódeiliskipulagt
- Krossanesbraut, opið svæði að mestu óbyggt, ódeiliskipulagt
- Melgerðisás/Þórssvæði æfingavöllur o.fl., ódeiliskipulagt
- Vestursíða lítill svæði dreifð, ódeiliskipulagt

Nauðsynlegt er að vanda mjög til verka við verkefnið „þétting byggðar“ sem oft og tíðum eru viðkvæm mál og kalla á nána samvinnu og samráð við íbúa.

Tryggja skal nægilegt framboð lóða á hverjum tíma og staðan um áramót var þannig að til voru lóðir í öllum flokkum innan byggingargeirans.

Viðræður hafa staðið yfir milli Landsnets hf. og Akureyrarkaupstaðar um strengjaleið gegnum land Akureyrar til uppbyggingar á raforkuflutningskerfi landsins. Skipulagsráð hefur lagt áherslu á að áframtengingin frá Rangárvöllum að sveitarfélagsmörkum Eyjafjarðarsveitar verði lögð í jörðu.

Byggingarmál

Á árinu var úthlutað 29 lóðum fyrir íbúðarhús. Á þessum lóðum er gert ráð fyrir skv. deiliskipulagi að byggja 160 íbúðir að lágmarki.

Um það bil 23 einbýlishúsaloðir voru í auglýsingu um áramót, þar af sjö í Hrísey. Sjö einbýlishúsaloðir að auki teljast byggingarhæfar en eru ekki í auglýsingu vegna endurskoðunar skipulags og 21 einbýlishúsaloðir hefur verið skipulögð í Hagahverfi og munu þessar lóðir koma á markaðinn á næstunni.

Engin raðhúsaloð var í auglýsingu um áramót, 18 raðhúsaloðir koma á markaðinn á næstu árum í Hagahverfi. Í þessari tölu eru lóðir sem skilgreindar eru F/R eða val um raðhús eða fjölbýli.

Engin fjölbýlishúsaloð var í auglýsingu um áramót en 8 lóðir verða í næsta áfanga Hagahverfis.

Þrettán atvinnuhúsaloðir voru í auglýsingu um áramót sem voru byggingarhæfar. Fimm til viðbótar með fyrirvara um byggingarhæfi og fimmtán eru til skipulagðar en hafa hvorki verið auglýstar né gerðar byggingarhæfar.

Sautján lóðir undir sumarhús voru í auglýsingu í Hrísey.

Engin lóð er laus til úthlutunar í Grímsey enda er þar ekkert deiliskipulag í gildi.

Yfirlit yfir byggingaframkvæmdir á árinu 2017*

Íbúðarhús:

Hafin var smíði 258 íbúða (104) árið 2017. Þar af voru einbýlishús 8 (1), 1 raðhús með 4 (10) íbúðum og 17 fjölbýlishús með 246 (93) íbúðum.

Skráðar voru fullgerðar 177 (211) íbúðir á árinu, þ.e. 4 (2) einbýlishús, 13 (8) íbúðir í raðhúsum og 160 (201) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Í árslok voru fokheldar og lengra komnar í byggingu 92 (88) einbýlishús, 66 (64) íbúðir í raðhúsum og 234 (172) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Skemmra á veg komnar en fokheldar í byggingu voru í árslok 4 (4) einbýlishús, 4 (15) íbúðir í raðhúsum og 220 (196) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Hafnar framkvæmdir við íbúðabyggingar, bílgeymslur, sólskála, viðbyggingar o.fl. námu 23.684 m² (13.360) og 74.119 m³ (41.566).

Annað húsnæði:

Hafnar framkvæmdir á árinu: Goðanes 14, geymsluhúsnæði; Frostagata 6a, viðbygging; Árstígur 2, viðbygging; Sjafnarnes 2, steypustöð; Ægisnes 3, starfsmannaaðstaða; Glerárvirkjun, stöðvarhús; Glerárvirkjun, stífla; Kaupvangsstræti 10-12, viðbygging; Árstígur 2, spennistöð; Gata sólarinnar 1, 3, 5, 7, 9, 11, frístundahús; Rangárvellir 2, hús 8; Strandgata 29, viðbygging gistihús; Draupnigata 2 viðbygging verslunarhús; Sjávargata 4, fôðursiló; Sjávargata 4, spennistöð; Eyrastrandstún SAK, viðbygging efstu hæð. Auk þessa hafa verið hafnar framkvæmdir við ýmsar smærri viðbyggingar og aðrar minni og stærri breytingar á eldri húsum.

Tekið í notkun eða fullgert á árinu: 7 frístundahús við Holtaland; Tryggvabraut 12, viðbygging; Hólmatún 2, viðbygging skóli; Fjölnisgata 1a; Glerárgata 32, viðbygging; Goðanes 16, geymsluhúsnæði; 4 spennistöðvar Norðurorku; Gata sólarinnar 11, frístundahús; Árstígur 6, viðbygging.

Önnur hús í byggingu á árinu:

Eyrastrandstún SAK, viðbygging; Austurvegur 45, viðbygging frístundahús; Austurvegur 46, frístundahús; Gleráreyrar 1, Glerártorg. Hafnar framkvæmdir við annað húsnæði námu 23.684 m² (13.360) og 74.119 m³ (41.566).

*Tölur í svigum eru frá árinu á undan.

Stjórnsýslusvið


Stjórnsýslusvið Akureyrarbæjar varð til 1. janúar 2017 þegar skipulagsbreytingar samþykktar af bæjarstjórn komu til framkvæmda með sameiningu skrifstofu Ráðhúss og starfsmannþjónusta Akureyrarbæjar. Stjórnsýslusvið veitir ýmsa ytri- og innri þjónustu sem og stoðþjónustu við önnur svið sveitarfélagsins. Á sviðinu eru reknar þrjár deildir; upplýsinga- og þjónustudeild, launadeild og mannauðsdeild. Innan sviðsins er sinnt launa- og kjaramálum, mannauðsmálum og skjalamálum sveitarfélagsins auk þjónustu og upplýsingagjafar til bæjarfulltrúa, ráða og nefnda, bæjarbúa, fyrirtækja, stofnana, stjórnenda og annarra starfsmanna. Stjórnsýslusvið er leiðandi á sviði umbóta á sviði gæðamála og rafrænnar stjórnsýslu og þjónustu.

Viðverukerfi

Innleiðing á rafræna vakt- og viðverukerfinu Vinnustund hélt áfram á árinu 2017. Lögð var áhersla á að hætta með notkun á Bakverði og hafa eingöngu eitt kerfi í notkun. Í byrjun árs voru tvö kerfi í notkun þ.e. Vinnustund og Bakvörður, auk þess sem hluti starfsmanna notaði ekki viðverukerfi. Í lok mars 2017 var keyrð síðasta keyrslan úr Bakverði yfir í Vinnustund og kerfið tekið úr notkun sem viðverukerfi en kerfið hefur verið í notkun hjá Akureyrarbæ frá því á árinu 1999.


Mynd eitt sýnir hver staðan var í lok árs 2017 við innleiðingu notkunar á Vinnustund og er nú eingöngu eitt vakt- og viðverukerfi í notkun en 8 % starfsmanna er utan kerfis.

Mynd 1. Hlutfall starfsmanna í Vinnustund



Með innleiðingu á kerfinu fara allir starfsmenn í viðveruskráningu og fá m.a. yfirsýn yfir vinnuskyldu sína og viðveru. Starfsfólk í vaktavinnu fær tækifæri til þess að setja fram óskir að vaktaskýrslu sinni.

Mynd 2. Fjöldi starfsmanna í Vinnustund e. sviðum




Ath. Í gögnum sem birtast á myndum eru ekki tölur frá bæjarstjórn, bæjarráði, starfsmönnum nefnda, tilsjón, sumarvinnu fatlaðra og vinnuskólanum.


Á árinu fóru allir leikskólar Akureyrarbæjar yfir í Vinnustund, leikskólar voru bæði með Bakvörð og einnig utan kerfis. Innleiðingu á kerfinu er því lokið á stjórnsýslusviði, fjárfestisviði, skipulagsviði, fjölskyldusviði og hjá Öldrunarheimilum. Mynd tvö sýnir fjölda starfsmanna í Vinnustund og fjölda þeirra starfsmanna sem eru utan kerfa innan hvers sviðs þar sem innleiðingu hefur ekki enn verið lokið að fullu.

Innleiðingu á Vinnustund innan þeirra stofnana sem eru eftir er áætlað að ljúki um áramót 2018/2019 og að þá verði allir starfsmenn Akureyrarbæjar í Vinnustund. Á árinu 2017 var mikið unnið að endurskoðun á vinnulagi og leitað leiða til einföldunar fyrir alla sem koma að kerfinu, gera það notendavænna og aðlaga eftir þörfum.

Mynd 3. Fjöldi atvinnuauðgýsinga 2009-2017



Mynd 4. Fjöldi auglýstra starfa e. mánuðum árin 2016 og 2017




Auglýsingar starfa og umsóknir um auglýst störf

Fjöldi birtra atvinnuauðgýsinga á árinu 2017 var 320 og var fjöldi þeirra heldur meiri en árin tvö á undan.

Þegar litið er til fjölda auglýstra starfa eftir mánuðum, líkt og mynd fjögur sýnir, þá eru þau flest að vori, í byrjun sumars og síðla sumars. Það útskýrist að einhverju leyti af auglýsingum sumarstarfa þrátt fyrir að byrjað sé að auglýsa þau í febrúar og vegna tímabundinna vetrarstarfa sem auglýst eru síðla sumars.

Þrátt fyrir fjölgun auglýstra starfa á árinu 2017 þá fækkaði umsóknum á ársgrundvelli um sem nemur 509 umsóknum. Heildarfjöldi umsókna árið 2017 var 4.931.


Mynd 5. Fjöldi umsókna e. mánuðum árin 2016-2017



Þegar litið er til fjölda umsókna innan hvers mánaðar samanborið við fjölda auglýstra starfa innan hvers mánaðar þá sýnir sá samanburður að töluverður fjöldi umsækjenda getur verið um hvert starf.

Á mynd 6 má sjá fjölda umsækjenda eftir kyni og eru konur meirihluti þeirra sem sækja um auglýst störf eða 70 % árið 2017 og karlar 30 %. Það er ekki mikil breyting á því hlutfalli frá fyrra ári þegar konur voru 72 % umsækjenda og karlar 28 % en þó hefur hlutfall karla hækkað um 2 %.

Mynd 6. Fjöldi umsókna e. kyni 2016 og 2017




Fræðsla


Haustið 2017 var ákveðið að fara af stað með tilraunaverkefni í rafrænni fræðslu og varð nýliðafræðslan fyrir valinu. Tilgangur þess að fara af stað með slíkt verkefni er sá að gera fræðsluna aðgengilegri og skilvirkari í þeim skilningi að hægt sé að nálgast hana innan ákveðinna tímamarka frá því að fólk hefur störf og geti sótt hana á þeim tíma sem hentar. Í lok nóvember var fræðsluefni tilbúið og sent á 155 starfsmenn. Notast er við upptökur í gegnum OfficeMix þar sem haldið er utan um þátttöku í gegnum internetið.

Fjöldi miðlægra námskeiða var 27 á árinu 2017. Heildarfjöldi þeirra sem sótti þau námskeið sem í boði voru var 319, 80 % þeirra voru konur og 20 % karlar. Þeir sem fá tilkynningar um námskeið eru þeir sem eru annars vegar á póstlistanum Póstlistinn Fræðsla (n=284) og hins vegar Ráðnir stjórnendur (n=82). Myndir 7 og 8 sýna skiptingu eftir kyni innan póstlistanna tveggja.

Mynd 7, Póstlistinn Fræðsla e. kyni



Mynd 8, Ráðnir stjórnendur e. kyni




Starfsmat háskólamenntaðra starfsmanna

Samíð var um upptöku starfsmatskerfisins SAMSTARF (sjá www.starfsmat.is) í kjarasamningum aðildarféлага BHM og nokkurra annarra stéttarféлага háskólamenntaðra starfsmanna. Innleiðingarferlið á árinu 2017 var í þremur áföngum, samkvæmt aðgerðaráætlun þar um. Innan hvers áfanga var úrtak starfsmanna sem valið var af SNS og aðildarfélögum. Starfsmenn hjá Akureyrarbæ skiluðu af sér starfsmatsgögnum og gekk verkið vel. Frá sveitarfélaginu var umbeðnum gögnum skilað innan allra áfanga og starfsmatsviðtöl úr 1. og 2. áfanga fóru fram í byrjun árs og að hausti. Verkefnastofa starfsmats áætla starfsmatsviðtöl við þátttakendur í 3. áfanga á fyrri hluta árs 2018.


Launavinnsla

Fjöldi launþega hjá Akureyrarbæ á árinu 2017 var 3.192: 1.049 launþegar voru karlar og 2.143 konur. Líkt og myndin að neðan sýnir þá var hlutfall karla 33 % og hlutfall kvenna 67 %.

Fjöldi launþega 2017



Fjöldi stöðugilda eftir kyni 2017



Fjöldi stöðugilda á árinu 2017 voru 1,498, myndin sýnir hlutfall kynja eftir stöðugildum.

Á launadeildinni var unnið áfram að innleiðingu gæðakerfis og voru verkfæri gæðastjórnunar eins og frávíkaskráning og gátlistar við launavinnslu, tekin í notkun. Tilgangur með gæðastarfinu er að hafa viðskiptavininn í fyrirrúmi með því að staðla afgreiðslu mála, greina frávík, gera endurbætur á verkferlum til einföldunar og til að flýta afgreiðslu.



Haldið var starfslokanámskeið í samstarfi við Norðurorku, Sjúkrahúsið á Akureyri, Verkmennaskólan og Grýtabakkahrepp í lok nóvember sem tókst vel. Samtals mættu 82 manns sem er metþátttaka, af þeim voru 56 frá Akureyrarbæ. Stjórnendadagur var haldinn að vori og hausti.



Íbúagátt

Hinn 1. mars 2017 var skrifað undir samning um íbúagátt, OnePortalCitizen, við OneSystems. Íbúagáttinni fylgdi eyðublaðasmiður sem gerir starfsmönnum skjalasafns kleift að hanna og útbúa öll umsóknareyðublöð sjálfir. Íbúagáttin var svo formlega opnuð á heimasíðu Akureyrarbæjar 17. maí 2017 um leið og kynntar voru miklar endurbætur á heimasíðunni og nýtt útlit.

Í íbúagáttinni geta bæjarbúar og aðrir notað Íslykil eða rafræn skilríki til innskráningar, sótt þar rafrænt um ýmsa þjónustu á

vegum sveitarfélagsins og fylgst með afgreiðslu erinda sinna. Auk þess er þar hægt að sjá álagningarseðil fasteignagjalda og beintenging er við Mentor úr gáttinni.

Innsendar umsóknir birtast í sérstöku innhólf starfsmannamegin í skjalakerfinu OneSystems og þegar þær eru samþykktar stofnast mál með öllum fylgigögnum.

Íbúagáttin er snjalltækjavæn og eiga umsóknareyðublöðin að skalast vel niður á snjallsíma og spjaldtölvur.

Umsóknir íbúagáttar

	Ný umsóknareyðublöð 17.5. 2017	Ný umsóknareyðublöð 18.5. - 31.12. 2017
Búsetusvið	3	
Fjársýslusvið	3	
Fjölskyldusvið	3	
Fræðslusvið	0	
Samfélagssvið	0	4
Skipulagssvið	1	
Stjórnarsýslusvið	1	
Umhverfis- og mannvirkjasvið	4	
Öldrunarheimili Akureyrar	1	
	16	4

Umhverfis- og mannvirkjasvið

Í byrjun árs voru verkefni Fasteigna Akureyrarbæjar og framkvæmdadeildar sameinuð í eitt svið, umhverfis- og mannvirkjasvið. Samhliða voru framkvæmdaráð/stjórn fasteigna og umhverfisnefnd sameinuð í eitt ráð, umhverfis- og mannvirkjaráð.

Umhverfis- og mannvirkjasvið er þjónustusvið sem hefur umsjón með framkvæmdum og viðhaldi við húseignir, götur, gangstéttir, stíga, græn svæði og umhirðu og hreinsun í bæjarlandinu. Auk þess fellur undir sviðið rekstur Slökkviliðs- og brunavarna og Strætisvagnar Akureyrar. Markmiðið með breytingunum er að byggja upp öflugan og breiðan hóp starfsmanna sem hefur þekkingu á fjölbreyttum verkefnum sviðsins.

Fasteignir – nýframkvæmdir

Framkvæmdir við suðurlóð Naustaskóla hófust haustið 2017 og var unnið eins lengi og aðstæður leyfðu. Reiknað er með að framkvæmdir hefjist á ný í mars/apríl 2018. Samkvæmt framkvæmdaframliti Akureyrarbæjar má ætla að skólinn verði fullbyggður með frágenginni lóð í lok sumars 2018.

Við Sundlaug Akureyrar voru þrjár nýjar og glæsilegar rennibrautir teknar í notkun í júní 2017. Áfram hefur verið unnið að uppsteypu og fullnaðarfrágangi á nýjum nuddpotti og fosslaus vestan við lendarlaug. Samhliða hefur verið unnið að hönnun sundlaugargarðs og girðingar umhverfis svæðið. Verklök eru áætluð í júní 2018.

Listasafnið á Akureyri er starfrækt í tveimur húsum í Kaupvangsstræti 8-12, annars vegar í Ketilhúsinu og hins vegar í Mjólkursamlaginu. Listasafnið var opnað 29. ágúst 1993 á annarri hæð Kaupvangstrætis 12, þar sem áður var Mjólkursamlag KEA. Ketilhúsið er nýtt af Listasafninu. Árið 2011 kom fram hugmynd um að tengja saman Listasafn og Ketilhús. Markmiðið er að gera sýnilegt að um eina stofnun sé að ræða og eins var talið að með því móti væri hægt að hagræða í rekstri safnsins. Tilboð í verkið voru opnuð í apríl 2017 og er áætlað að framkvæmdum ljúki sumarið 2018.

Í október 2016 var efnt til samkeppni meðal arkitekta á Akureyri um hönnun bátaskýlis og þjónustuhúss fyrir starfseminna á athafnasvæði siglingaklúbbsins Nökkva. Gefnar voru upp hönnunarforsendur sem arkitektar myndu hafa að leiðarljósi. Unnið er að hönnun húss og reiknað er með að hönnun verði tilbúin til útboðs á vordögum 2018. Reiknað er með að bygging bátaskýlis verði boðin út haustið 2018 og framkvæmdum ljúki sumarið 2019.

Á árinu hófst undirbúningur að byggingu húss í Klettaborg með sex nýjum leiguíbúðum og er áætlað að framkvæmdir geti hafist haustið 2018 og framkvæmdum ljúki haustið 2019. Keyptar voru sex íbúðir á almennum markaði á árinu 2017.

Fasteignir - viðhald

Á árinu voru helstu verkefni í leikskólum bæjarins að endurnýja utanhússklæðningu, málun utanhúss og uppfærsla malarleiksvæða með gúmmifallvarnarefni. Stærsta verkefni ársins var að útbúa nýtt afgirt leiksvæði við Glerárskóla fyrir 5 ára leikskóladeild sem tók til starfa í skólanum haustið 2017.

Helstu viðhaldsverkefni í grunnskólum voru málun utanhúss, endurbætur á leiksvæðum, endurnýjun loftræsikerfa, hússtjórnarkerfa, myndavélakerfa og rafmagnstöflur. Við Lundarskóla var settur upp fyrsti upphitaði körfuboltavöllurinn með sex körfum og yfirborðsefni.

Styrkur barst frá húsafríðunarnefnd fyrir hluta framkvæmda við Sigurhæðir þar sem farið var í að laga timburklæðningu á suður- og austurhlíð hússins, auk þess sem skipt var um tvo glugga og gler endurnýjað. Í Hofi var unnið að því að klára geymslur í kjallara. Í Samkomuhúsinu var sett upp ný stígalýfta fyrir fatlaða og brunakerfi hússins var bætt. Íbúð í Davíðshúsi var endurnýjuð. Í Holti í Hrísey var húsið máláð að utan og samtök í Hrísey unnu að endurgerð á gróðurhúsi.

Skipt var um varmanýtiþjól í Íþróttamiðstöðinni við Giljaskóla og loftræsikerfi lagð vegna galla og sett nýtt loftræsikerfi að hluta. Einnig voru kubbar í gryfjunni endurnýjaðir. Við Reidhöllina var settur nýr stálstigi að utan sem er flóttaleið. Í Rósenborg var unnið að endurbótum á austurhluta annarrar hæðar vegna stjórnsýslubreytinga, eins var eldhús á fyrstu hæð endurnýjað og

gólfefni. Í golfaðstöðu Íþróttahallarinnar var sett upp loftræsikerfi og unnið að breytingum vegna flutnings heimaþjónustunnar. Í sundlaug Grímseyjar voru yfirbreiðslur endurnýjaðar. Í kjallara Íþróttamiðstöðvar Hríseyjar var sett nýtt loftræsikerfi og ný yfirbreiðsla sett á laug.

Unnið var við hljóðmál og breytingar vegna flutnings heimaþjónustu ÓA í Viðilund. Haldið var áfram að endurnýja uppbyggðavélar og laga eldhús í sameiginlegum rýmum í Lögmanshlíð og allt tréverk utan á húsinu málað. Unnið var við uppsetningu á innihurðum vegna brunamála í Hlíð og skipt um brunaskynjara í tveimur deildum. Í Viðihlíð var gert við múr og málað.

Unnið var að miklum endurbótum á sex leiguíbúðum auk hefðbundins viðhalds ásamt leiguskiptum.

Götur og stígar

Hagar í 7. áfanga Naustahverfis er stærsta verkefnið í gatnaframkvæmdum næstu árin. Um er að ræða hefðbundna gatnagerð og lagningu lagna veitustofnana og ná framkvæmdir yfir árin 2018 og 2019. Lokafrágangur hverfisins getur þó tekið 5-10 ár sem mun ráðast af uppbyggingarhraða. Framkvæmdin var boðin út í lok árs 2017 og hefst í byrjun janúar 2018. Hluti lóða verður byggingarhæfur um miðjan ágúst 2018.

Unnið var við frágang á götum, gangstéttum og grænum svæðum í eldri áföngum Naustahverfis. Einnig var gerð breyting á Kjarnagötu við innkomuna í hverfið að norðan frá Miðhúsabraut.

Ákveðið var á vordögum 2017 að fara í smíði Leikhúsbrúar sem er brú á Drottningarbrautarstíg austan við Leikhúsið. Verkið verður að mestu leyti unnið árið 2018 en byrjað var á vinnu við undirstöður og grjótvörn árið 2017 og smíðavinnu og frágangi svæðisins árið 2018. Aðalbyggingarefni eru harðviðarstaurar úr „basalocus“ sem bera brúna uppi en að öðru leyti er hún byggð úr „azobe“ harðvið. Þá eru bogadregnar stífur við handrið brúarinnar og þakklæðning úr lerk. Brúin verður lýst upp með LED-lýsingu í staurum í handriði í sama stíl og við stíginn sitt hvoru megin. Einnig verður LED-lýsing undir handlistum og í þaki brúarhússins.

Vinna við stíginn sem liggur frá „Hjartarplani“ við flugvöllinn og að sveitarfélagmörkum með tengingu upp í Kjarnaskóg hófst árið 2017 og fólst í undirbyggingu stígsins. Vinna við malbikun og frágang ásamt uppsetningu á gangbrautarþverun yfir Eyjafjarðarbraut verður unnin árið 2018. Eyjafjarðarsveit vinnur einnig við stíg sem nær frá sveitarfélagsmörkum og inn að Hrafnagili og stefna þeir á frágang og malbikun árið 2018. Verður þá til um 12 km löng samfelld malbikuð stígaleið frá miðbæ Akureyrar og inn að Hrafnagili.

Malbikun

Í malbikun var seinna malbikslag lagt á Dalsbraut, kaflann milli Miðhúsabrautar og Skógarlunda, Naustagötu og hringtorgin og nýjan áfanga í Naustahverfi sem nefnist Hagar, ásamt með nokkrum smærri verkum.

Unnið var að yfirbræðslu gatna og stíga samkvæmt áætlun í hverfum bæjarins.

Götu- og gangbrautalýsing

Á haustdögum hófst vinna við endurnýjun gatna- og gangbrautalýsingar. Um er að ræða endurnýjun vegna kvikasilfursljósa og annarra tegunda og er verið að skipta þessum ljósum út fyrir LED-ljós sem eru mun ódýrari í rekstri og viðhaldi. Í árslok 2016 var endurnýjun á gatnalýsingu boðin út og var samið við Letneska fyrirtækið Vizulo um kaup á LED-lömpunum.

Áfram var unnið að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið úr og í skóla. Að þessum málum er unnið í samvinnu við skipulagsyfirlönd, skólayfirlönd og nemendur.

Áfram var unnið að endurbótum á þjóðvegi 1 í samráði við Vegagerðina. Byrjað var á framkvæmdum við Síðuskóla sem fólst í því að bæta við gangstéttum og bæta gönguþveranir yfir götur og áætlað er að þeim framkvæmdum ljúki sumarið 2018.

Unnið var að LED-væðingu gatnalýsingar og skipt út kvikasilfursluktum. Sett var upp sérstök LED-gangbrautarlýsing á nokkrum stöðum í hverfum bæjarins.

Unnið var að hraðamælingum í hverfum bæjarins og verða þær upplýsingar svo notaðar til að meta hvernig tekist hefur til með lækkan á hámarkshraða.



Bílastæði

Bílaplan fyrir stór ökutæki við Kjarnagötu í Naustahverfi norðan við Jaðarstún var malbikað. Ásamt því var hugað að gróðri og stéttum umhverfis svæðið.

Bílaplan við Aðalstræti 4 var malbikað og gengið frá hellulögn framan við svæðið. Sex bílastæði urðu til við þessa framkvæmd.

Bílaplan við Gránufélagsgötu við Ráðhús var malbikað og frágengið sumarið 2017 og alls urðu til 28 bílastæði og þar af 2 stæði fyrir hreyfihamlaða, 2 stæði með rafmagnshleðslu og 4 græn stæði.

Umhverfis- og hreinlætismál

Akureyrarbær stendur framarlega í umhverfismálum þannig að tekið er eftir. Stefnan er að gera enn betur og taka forystu meðal íslenskra sveitarfélaga. Umhverfis- og samgöngustefna Akureyrarbæjar, sem var samþykkt í bæjarstjórn í lok árs 2016, er mikilvægt stjórnartæki í þeirri vinnu. Innleiðing stefnunnar hófst á árinu 2017. Fræðsla og upplýsingagjöf til bæjarbúa, sem og stöðugt upplýsingaflæði, auðveldar bæjarbúum að taka upp umhverfisvænan lífsstíl. Stór hluti af innleiðingu stefnunnar er áhersla á að gott kynningarefni sé ávallt til staðar og það stöðugt uppfært.

Akureyrarbær sá alfarið um viðhald og umhirðu grænna svæða, svo sem sáningu, grasslátt, gróðursetningar og trjá- og runnaklippingar á árinu og gekk það mjög vel.

Lystigarðurinn var rekinn með hefðbundnum hætti og ýmsir viðburðir voru í garðinum, s.s. leiksýningar, hluti dagskrár 17. júní og Akureyrarvöku.

Farið var í hreinsunaráttak í Hrísey þar sem tekið var til í eyjunni með aðstoð íbúa. Skógarkerfill og lúpína hafa verið sérstaklega erfið viðureignar í Hrísey og því nauðsynlegt að verkefninu sé haldið áfram til að forðast frekari útbreiðslu á þessum vágseti.

Í Grímsey var gengið frá listaverkinu Hring og kúlu eftir Kristinn E. Hrafnsson og Studio Granda en þar er um að ræða nýtt kennileiti fyrir heimskautsbauginn sem er nýr á eyjunni. Einnig var sett upp annað listaverk rétt hjá Fiske minnisvarðanum sem kallað er Súlan. Þá var settur upp ærslabelgur (hoppudýna) í eyinni.

Akureyrarbær tók þátt í Evrópsku samgönguvíkinni líkt og undanfarin ár. Samgönguvíkin er átaksverkefni sem á að stuðla að bættum samgöngum í borgum og bæjum í Evrópu. Markmið vikunnar er að hvetja fólk til umhugsunar um eigin ferðavenjur og virkja það til þess að nota almenningssamgöngur, hjóla og ganga.

Í ræktunarstöð bæjarins voru ræktuð um 40.000 sumarblóm en dregið var verulega úr gróðursetningu sumarblóma í hverfum bæjarins. Áherslan var líkt og á fyrra ári á miðbæjarsvæðið. Í ræktunarstöðinni voru ræktaðar bæði trjá- og runnplöntur af ýmsum tegundum til útplöntunar í bæjarlandið ásamt skógarplöntum sem plantað var í Græna trefilinn norðan Glerár í landi Hrappstaða, Lögmanshlíðar og Kífsár. Lítið gekk í baráttunni við óæskilegan gróður svo sem skógarkerfil, lúpínu og tröllahvönn á Akureyri en ljóst er að gera þarf stóratök ef ekki á illa að fara.

Matjurtagarðar voru líkt og undanfarin ár starfræktir í tengslum við ræktunarstöðina en aðsókn var heldur minni en undanfarin ár. Þá voru ræktaðar matjurtir fyrir Öldrunarheimilin í Hlíð og Lögmanshlíð auk Glerárskóla. Einnig er íbúum Hríseyjar boðið upp á matjurtagarða og er aðsókn í þá með ágætum.

Rekstur opinna leiksvæða og boltavalla var með hefðbundnu sniði og rekstrarskoðun framkvæmd reglulega og aðalskoðun af óháðum aðila. Niðurstaða aðalskoðunar sýnir að Akureyrarbær stendur sig vel í viðhaldi og eftirliti með leiksvæðum.

Rekstur jarðeigna og dýraeftirlits var hefðbundinn en það annast eftirlit og skráningu hunda, katta og búfjár. Jarðeignir og dýraeftirlit annast enn fremur vöktun og eyðingu á rottum, vargfugli, ref, mink og kaninum. Jarðeignir og dýraeftirlit annast leigulönd bæjarins ásamt fjallgírðingu, landamerkjagírðingu, fjallskilum og vörnum gegn riðu. Einnig að halda utan um útgáfu búfjárleyfa og leigu beitarlanda.

Verkefni umhverfisátaks voru mjög fjölbreytt líkt og undanfarin ár. Hverfisnefndirnar og hverfisráðin fengu úthlutað fjármunum sem var ráðstafað til hinna ýmsu verkefna, s.s. uppsetningu á grillsvæðum, uppsetningu á ærslabelg, kaupum á hinum ýmsu leiktækjum, stigagerð, endurnýjunar upplýsingaskilta, vinnu við útikennslustofu, húsamerkinga, hverfismerkinga o.fl.

Meðal annarra verkefna umhverfisátaksins voru strandblaksvöllur, ærslabelgur, minigolfbraut og grillaðstaða við nýja svæðið á Birkivelli í Kjarnaskógi. Á tjaldsvæðinu við Hamra var einnig gerð

bílabraut í stað þeirrar sem var á sundlaugarsvæðinu. Síðastliðið haust fékk miðbærinn smá „andlitslyftingu“ þar sem komið var fyrir rafstýrðum lokunarpollum, hlöðnum veggjum, nýjum ljósastaurum og bekkjum og rusladöllum komið fyrir bæði þar og á Ráðhústorgi.


Umferðateljarar, sem sýna svart á hvítu fjölda gangandi og hjólandi vegfarenda, voru settir upp í Lystigarðinum, við Krossanesborgir, Naustaborgir, Kjarnaskóg og við Drottningarbrautartíginn.

Þá var unnið að gerð hjóltreiddaslóða úr Hlíðarfjalli í Kjarnaskóg og borðið ofan í stíga í Naustaborgum og Kjarnaskógi.


Heimilisúrgangur frá íbúum Akureyrar hefur haldist svipaður síðustu árin. Almennit sorp sem fór í urðun á Sölvabakka var rúmlega 139 tonn að meðaltali á mánuði á árinu 2017 og minnkaði um 4 tonn á milli ára. Endurvinnsluefni af grenndarstöðvum hefur aukist aðeins og var rúmlega 71,6 tonn að meðaltali á mánuði á móti 67,2 tonnum árið 2016. Lífærni úrgangur sem fer til jarðgerðar í Moltu er mjög svipaður á milli ára, eða um 65 tonn að meðaltali á mánuði en var 63 tonn árið áður.

Sorphirðugjaldið árið 2017 var 37.700 krónur á hverja fasteign. Þetta var lítilleg hækkun frá fyrra ári. Ein grenndarstöð var færð til á árinu 2017 að ósk forráðamanna Síðuskóla og var henni komið fyrir á lóð Krambúðarinnar við Borgarbraut.

Í eyjunum Grímsey og Hrísey var unnið að því að setja upp flokkunar/endurvinnslustöðvar og afgirt gámasvæði og lauk því verkefni í Grímsey en verður klárað í byrjun árs 2018 í Hrísey.



Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með fyrirkomulag á söfnun heimilisúrgangs í sveitarfélaginu?



Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með grenndarstöðvar á Akureyri?

Snemma árs var gerð skoðunarkönnun meðal íbúa Akureyrar um viðhorf þeirra til fyrirkomulags á sorphirðu og endurvinnslu. Niðurstöður voru á þá leið að um 90,1 % íbúanna eru mjög ánægð eða ánægð með fyrirkomulag á söfnun heimilisúrgangs í sveitarfélaginu og 79,5 % voru mjög ánægð eða frekar ánægð með grenndarstöðvar á Akureyri. Íbúum þótti aðgengi að upplýsingum um flokkun heimilisúrgangs til endurvinnslu eða förgunar hafa batnað mikið frá fyrri könnun.


Umhverfismiðstöð

Undir Umhverfismiðstöð heyrir áhaldahús, malbikunarstöð, vinnuskólinn og Strætisvagnar Akureyrar ásamt ferlipjónustu. Starfsmenn Umhverfismiðstöðvar vinna ýmis verk sem tengjast verklegum framkvæmdum og ýmis konar viðhaldi og umhirðu sem oft er árstíðarbundin; snjómokstur og hálkuvarnir yfir veturinn en gatnagerð, malbikun, sláttur og hirðing á opnum svæðum yfir sumarið. Auk fjölda annarra verkefna fyrir ýmsar stofnanir bæjarins eins og hreinsun á bæjarlandinu, skreytingum fyrir jöl og hátíðarhöldum í bænum.

Nýtt leiðakerfi Strætisvagna Akureyrar var tekið í notkun árið 2016 og er reynslan af því góð. Nýr metanstrætisvagn var tekinn í notkun árið 2017 og hefur reynst vel. Fjöldi farþega með strætisvögnum árið 2017 var svipaður og árin á undan eða um 480.000 og eknir voru um 275.000 km.


Notkun ferlipjónustu hefur farið ört vaxandi á undanföllum árum og er það í takt við fjölgun eldri borgara í bæjarfélaginu. Fjöldi ferða hjá ferlipjónustunni var um 61 þúsund á árinu 2017 og nota um 360 einstaklingar þjónustuna. Tveir nýir ferlipjónustubílar voru teknir í notkun á árinu og eru nú fjórir nýir metanvagnar í rekstri auk tveggja díselbíla. Þróun á notkun ferlipjónustunnar sést á meðfylgjandi stöplari.

Heildarnotkun ferlipjónustu



Vinnuskólinn heyrði undir Umhverfismiðstöð árið 2017 en samfélagssvið annaðist fræðsluþátt starfseminnar. Sú nýbreytni var í fræðslunni að boðið var upp á sjávarútvegsskóla í samstarfi við HA og atvinnurekendur. Vinnuskólinn og sumarvinna með stuðningi voru rekin með svipuðu sniði og árið á undan. Á meðfylgjandi stöplari má sjá þróunina í fjölda nemenda á milli ára en fækkun eldri nemanda má væntanlega skýra með batnandi atvinnuástandi almennt.

Fjöldi nemenda á milli ára



Slökkvilið Akureyrar sinnir lögbundnum verkefnum eins og slökkvistörfum, eldvarnaeftirliti, björgun fastklemmdra og viðbrögð við mengunarslysum. Einnig sér slökkviliðið um sjúkraflutninga á Akureyri og nágrenni en auk þess sinna sjúkraflutningamenn SA öllum sjúklingum sem fluttir eru með sjúkraflugi á öllu landinu.

Slökkviliðið var kallað út 46 sinnum á árinu vegna elds eða gruns um eld. Af þeim útköllum var mesta tjónið aðfararnótt 31. maí en þá kviknaði í bátasmiðju í Goðanesi. Húsið var nánasta alelda þegar slökkviliðið var boðað á staðinn og brann til kaldra kola en slökkvistarfið gekk út á að varna útbreiðslu eldsins í önnur hús. Þessi eldsvoði var sá stærsti á Íslandi árið 2017.

Eldvarnaeftirlitið hafði í nógu að snúast eins og undangengin ár. Helstu verkefni sneru að reglubundnum skoðunum og umsögnum vegna leyfisskyldrar starfsemi og nýbygginga af ýmsum toga. Eftirlitið var nú mannað með tveimur eldvarnafulltrúum í fyrsta skipti í mörg ár. Ásamt eldvarnaeftirliti sinna þeir öðrum verkefnum hjá slökkviliðinu og aðstoða við útköll eftir þörfum.

Sjúkraflutningamenn SA voru kallaðir út tæplega 2.500 sinnum á árinu til að sinna sjúkraflutningum á landi. Fjöldi þeirra jókst því um 14 % milli ára. Rúmlega 900 sinnum var um forgangsflutninga að ræða og 215 sinnum var um að ræða sjúkraflutninga út fyrir þjónustusvæði slökkviliðsins en SA hefur flutt sjúklinga frá Sjúkrahúsinu á Akureyri til annarra heilbrigðisstofnana á Norður- og Austurlandi. Tíðni þessara flutninga hefur rúmlega þrefaldast frá árinu 2009. Að meðaltali fara um fjórar klukkustundir fyrir tvo menn í hvern flutning út fyrir svæðið.

Árið 2017 var enn á ný metár í fjölda sjúkraflutninga með sjúkraflugi. Eins og áður hefur komið fram fara sjúkraflutningamenn á vegum SA með í öll sjúkraflug en sjúkraflugið er samstarf þriggja aðila, þ.e. SA, Mýflugs og SAK. Mýflug sér um rekstur sérhæfðrar sjúkraflugvélar og SAK leggur til lækni í þau útköll þar sem þess er talin þörf. Á árinu 2017 voru 855 sjúklingar fluttir í 799 flugum en það er tæplega 18 % aukning frá árinu áður. Sjúkraflutningamenn SA sinntu sjúkraflugi í um 200 klst. á mánuði að meðaltali árið 2017.

Þrír starfsmenn hættu störfum á árinu 2017 þar af einn sökum aldurs en hann hafði þá starfað hjá slökkviliðinu í 42 ár. Tvær konur sem störfuðu hjá SA hættu báðar á árinu til að fara í önnur störf og er því engin kona starfandi hjá Slökkviliði Akureyrar eins og er. Til að bregðast við þessu hafa stjórnendur SA auglýst einungis eftir konum til starfa í sumarafleysingar fyrir 2018. Þrír starfsmenn voru fastráðnir á árinu, tveir á vaktir og einn í eldvarnaeftirlitið. Tveir af þeim sem voru ráðnir eru fullmenntaðir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn og hafa áður starfað hjá Slökkviliðinu.

Fjórir starfsmenn SA sátu fjórða og síðasta hluta atvinnunáms slökkviliða á vordögum og hafa því lokið skyldunámi í slökkvifræðum. Starfsmenn sóttu ýmis námskeið á árinu auk lögbundinna æfinga slökkviliða en þar má meðal annars nefna rýmingaræfingar á SAK og samæfingar með Hafnasamlagi Norðurlands, áhöfn Húna og hvalaskoðunarfyrtækjum.

Slökkviliðið endurnýjaði um helming reykköfunar- og fjarskiptabúnaðar reykfara á árinu og báðar þjónustubifreiðarnar voru einnig endurnýjaðar. Í hlutverk bifreiðar fyrir störf eldvarnaeftirlits og bakvaktir stjórnenda varð fyrir valinu VW Amarok pallbill með sitengdu aldrifi.

Huga þarf að endurnýjun annars dælubílsins innan tíðar en eldri dælubifreiðin verður 20 ára á næsta ári. Síðast en ekki síst þarf slökkviliðið búnað til að takast á við eld í jarðgöngum áður en Vaðlaheidargöng verða tekin í notkun og eru viðræður í gangi um fjármögnun þess búnaðar.

Öldrunarheimili Akureyrar

Samhliða venjubundinni starfsemi ÖA hefur verið unnið að allmörgum verkefnum á sviði nýsköpunar, þróunar- og umbóta. Í skýrslu um starfsemi ársins 2017 er verkefnum skipt í fjóra þætti líkt og í síðustu ársskýrslu, þ.e. umbætur og skipulag, hugmyndafræði, velferðartækni og samstarfsverkefni.

Umbóta- og þróunarverkefni voru nokkur á árinu 2017 líkt og undanfarin ár. Haldið var áfram með verkefni og þau unnin enn frekar. Dæmi um slíkt er dagbjálfunin og samhæfing ýmissa þátta við starfsemi í tímabundinni dvöl og hvíldardvöl í Austurhlíðum og endurskipan vinnuferla við mat á umsóknunum. Þá var unnið með Eden-hugmyndafræðina og úrbætur á grunni síðustu úttekta og alþjóðlegrar viðurkenningar. Næsta og þar með þriðja umsóknin um alþjóðlega viðurkenningu fer í vinnslu í maí 2018. Verkefni á sviði samfélagsþróunar (Buurtzorg) var unnið fyrri hluta árs og lauk með skýrslum þar sem raktir eru helstu áfangar og lærdómur af verkefninu. Þá var gefinn út handhægur bæklingur um börn og heilabilun undir heitinu „Komdu í heimsókn“. Unnið var að frekari þróun við útgáfu fréttabréfs ÖA „Hrafninn“ en uppsetning nýrrar heimasíðu Akureyrarbæjar og þar með ÖA var umfangsmesta verkefni á sviði upplýsingamála.

Áhersla á þróunarverkefni á sviði velferðar og tækni hefur haldið áfram. Enn er unnið að þróun og nýjungum í samstarfsverkefni með Lyfjaveri um Alfa (rafræna lyfjaumsýslu) sem er nú keyrð á öllum heimilum ÖA. Alfa-verkefnið var áætlað til ársloka 2017 en einstök verkefni á sviði rafrænnar skráningar, s.s. rafræn lyfjakort og forprófanir og innleiðing þess hefur seinkað og verður unnin á fyrri hluta árs 2018. Áfram var unnið með innkaupakerfið Timian varðandi samantektir og miðlun upplýsinga úr kerfinu. Þá var einnig lokið við forprófanir með pantanir á rekstrar- og hjúkrunarvöru í gegnum kerfið og miðað er við að allar pantanir séu gerðar í kerfinu. Næstu áfangar varða rafræna reikninga og bókanir.

Innan ÖA hefur áfram verið unnið að innleiðingu á þjónandi leiðsögn. Megináherslan var og er á fræðslu fyrir starfsmenn og í tengslum við það hefur ÖA unnið að ýmsum fræðslu- og innleiðingarverkefnum, en um leið leitast við að samhæfa enn frekar fræðslu um þjónandi leiðsögn og Eden-hugmyndafræðina.

ÖA sótti um vinnveitingaleyfi og fékk leyfisbréf í lok ársins og er þar með eitt tveggja heimila á landinu sem hefur slíkt leyfi.

Í maí 2017 voru teknar í notkun tvær glæsilegar sjúkraíbúðir í raðhúsum við Hlíð. Eftir endurbætur íbúðanna sem unnið var að á grundvelli samstarfssamnings við Oddfellow regluna á Akureyri, tók síðan við rekstur þeirra á grunni samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Líkt og undanfarin ár hafa Öldrunarheimilin verið í fjölþætta samstarfi við ýmsa aðila innan sveitarfélagsins og utan. Áfram var unnið á sviði velferðartækni í norræna verkefninu Connect sem lauk á árinu með tveimur veglegum málþingum um velferðartækni sem haldin voru á Akureyri og í Reykjavík. Einnig var unnið að samstarfsverkefnum og rannsóknarverkefnum með háskólastiginu, bæði nemendaverkefnum og sjálfstæðum rannsóknarverkefnum. Dæmi um slíkt er samstarf við Genís og Háskólann á Akureyri um forathugun á áhrifum fæðubótaefnisins Benecta. Þá vann KPMG að frekari úttekt og greiningu á ýmsum þáttum varðandi rekstur ÖA sem og athugun og ráðgjöf varðandi rekstur ÖA og teknir voru til skoðunar kostir og gallar við rekstrarform heimilanna. Í því fólst m.a. öflun og vinnsla upplýsinga um ýmsa þætti í starfsemi hjúkrunarheimila og tilraunir til samanburðar. Loks ber að nefna samstarfsverkefni við Jafnréttisstofu.

Regluleg starfsemi ÖA sem og hin óreglulega, eins og nýsköpunarverkefni, breytingar og þróun, byggir á viðhorfum og helgun í starfi hjá öllu því ágæta og áhugasama starfsfólki sem á heimilunum starfar. Eins og undangengin ár hefur starfsfólk lagt sig mjög fram við að veita góða og einstaklingsmiðaða þjónustu, samhliða því að takast á við nýjar áskoranir og viðvarandi aðhald í öllum rekstri.

Reksturinn

Velta ÖA var rúmlega 2,6 milljarðar króna á árinu 2017. Af þeirri upphæð fóru um 2 milljarðar króna (72 %) í laun og launatengd gjöld og hlutfall yfirvinnu af dagvinnulaunum var líkt og áður um 21 %. Vörukaup ársins voru 185 milljónir og þjónustukaup um 563 milljónir. Annar rekstrarkostnaður var því um 748 milljónir en af þeirri fjárhæð greiddi ÖA um 225 milljónir í leigu af mannvirkjum og búnaði til Akureyrarbæjar eða um 30 % af öðrum rekstrarkostnaði.

Tekjur ÖA í formi daggjalda frá Sjúkratryggingum Íslands (S.Í.) ásamt greiðslum íbúa, voru tæplega 2 milljarðar króna og tekjur frá S.Í. vegna húsnæðisgjalds voru um kr. 111 milljónir. Þegar litið er til tekna af starfsemi, er hlutfall launakostnaðar um 100 % af tekjunum. Eins og undangengin ár var leitað allra leiða til sparnaðar í rekstri með miklu aðhaldi í yfirvinnu og vörukaupum. Á árinu störfuðu hjá ÖA 462 einstaklingar í um 220 ársverkum; 433 konur (94 %) og 29 karlar (6 %).

Öldrunarheimili Akureyrarbæjar, þróun, staða og framtíðarhorfur, voru til skoðunar í samantekt KPMG sem unnin var í framhaldi af úttekt frá janúar 2016. Meginniðurstöður voru að launakostnaður sem hlutfall af daggjaldtekjum hafi hækkað og vísbendingar séu um að hlutfallið sé herra hjá ÖA en sambærilegum heimilum. Varpað var ljósi á að daggjöld og þar með tekjur ÖA, hafi ekki fylgt verðlagsþróun og þar með staðfest misvísandi þróun launakostnaðar og tekna.

Rýmin og nýting

Í árslok 2017 voru á ÖA 183 leyfð rými; 171 hjúkrunarrými og 12 dvalarheimilisrými. Af 171 hjúkrunarrými eru 17 rými til skammtíma- og hvíldardvalar. Að auki eru leyfi fyrir 36 rýmum í dagbjálfun í Hlíð en 16 þeirra eru svokölluð „sértæk rými“ og er eitt þeirra rekið fyrir Eyjafjarðarsveit samkvæmt samningi. Alls eru 20 almenn dagbjálfunarrými.

Alls komu 3 einstaklingar í dvalarrými (2 konur og 1 karl) á árinu, 61 í hjúkrunarrými (40 konur og 21 karl) og 195 einstaklingar nýttu sér skammtímarými (129 konur og 66 karlar). Alls komu því 259 einstaklingar í þessi rými á árinu og 65 % þeirra voru konur, 35 % karlar. Alls nýttu 114 einstaklingar sér dagbjálfun (84 kona og 30 karlar). Að meðaltali koma um 70-80 einstaklingar í dagbjálfun í hverri viku. Nýting hjúkrunarrýma var 99,9 %, dvalarrýma 99,4 % og nýting dagbjálfunarrýma var 100 %. Nýir íbúar sem fluttu inn í fóst rými voru 64. Meðalaldur einstaklinga í hjúkrunarplássum var 86,4 ár og 85,5 ár í dvalarrýmum á árinu 2017. Konur voru 68,4 % notendahópsins en karlar um 31,6 % og hefur hlutdeild karla hækkað um 0,5 % milli ára. Á landsvísi eru hlutföllin 63/37.

Einstök þróunar- og fræðsluverkefni

Velferð og tækni

Árið 2016 fékk samstarfsverkefni ÖA, búsetusviðs Akureyrar og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, styrk til að vinna að innleiðingu á velferðartækni. Á haustdögum 2017 undirrituðu formenn velferðarráðs Akureyrar og velferðarráðs Reykjavíkur, viljayfirlýsingu um frekara samstarf á sviði velferðartækni.

Þá var keypt áskrift að MotiView-búnaði til að efla hreyfingu íbúa í Lögmannahlíð og í Austurhlíðum. MotiView byggir á upptökum af hjólaferðum bæði á Íslandi og erlendis og samtímis er notandinn að hjóla og fylgist með upptöku á sjónvarpsskjá. Önnur verkefni, s.s. Alfa, Timian, Saga, Ella, samstarf við Símann um öryggiskerfi, Memaxi og Netvision-skjáupplýsingakerfi, hafa verið í gangi á árinu og í áframhaldandi þróun.

Eden-þróunin og þjónandi leiðsögn

Áframhaldandi verkefni innan Eden-fræðanna skipuðu stóran sess á árinu. Þjónandi leiðsögn er hluti af hugmyndafræði og aðferðum sem unnið er eftir á ÖA. Áfram var unnið að fræðslu starfsmanna og þjálfun, bæði almennra námskeiða og þjálfun leiðbeinenda.

Verkefnið um lífsgæði og vellíðan íbúa var þróað samhliða innleiðingu Eden og þjónandi leiðsagnar. Felst það í að unnið er sérstaklega með eitt tilgreint þema af þeim sjö sem talin eru mynda lífsgæði og vellíðan.

Notendaráð

Fundum notendaráðsins var breytt 2014 þannig að „notendaráðs- eða íbúafundur“ fara nú fram á hverju heimili að lágmarki tvisvar á ári. Þessi breyting skilaði aukinni þátttöku og er unnið að því að festa þetta fyrirkomulag í sessi.

Almenn fræðsla

Fjölþætt og öflug fræðsluáætlun var á hjá ÖA á árinu eins og áður. Fræðsluáætlunin á hverju ári byggir á þarfagreiningu og komu fyrirlesarar úr ýmsum áttum. Öll fræðslan var opin starfsfólki, íbúum og aðstandendum. Til viðbótar reglulegri fræðslu komu síðan málstofur og tilfallandi kynningar á starfseminni.





Eitt af stærri fræðsluverkefnum ársins var kennsla og þjálfun í Eden-hugmyndafræðinni, þjónandi leiðsögn og um Lífsgæði og velliðan.

Alls mættu 189 starfsmenn á 30 viðburði þar sem hver viðburður stóð frá einni klst. til þriggja daga námskeiðs. Alls komu rúmlega 702 manns í fræðslu en meginhluti þess eru starfsmenn.

Hluti af fræðslumálum ÖA eru samstarfsverkefni við innlenda og erlenda framhaldsskóla og háskóla. Um er að ræða starfsþjálfun hjúkrunar-, iðjupjálfa- og sjúkraliðanema og annarra nema. Innlendir nemar á árinu voru alls 43 og komu frá háskólastiginu (33) og framhaldsskóla (10) og loks erlendir nemar (7). Að auki voru heimsóknir eða starfskynningar fyrir framhaldsskóla, vinnuskóla og grunnskóla.

Starfsfólk ÖA í samstarfi við Alzheimer-samtökin stóð að undirbúningi fjögurra málþinga um heilabilun og var þingað í hverjum landshluta. Innan þessa samstarfs eru einnig reglulegir samráðsfundir þar sem unnið er að undirbúningi námsbrautar og námsefnis um heilabilun.

Þá var í samstarfi við aðra aðila sem sinna þjónustu við eldra fólk og Félag eldri borgara, komið á fót tilboði um regluleg ráðgjafaviðtöl í þjónustumiðstöðvum. Einnig tók ÖA í fyrsta sinn þátt í starfamestu fyrir grunnskólanemendur sem haldið var í íþróttahöllinni.

Gæðamál

Þrisvar á ári er framkvæmt RAI-mat (raunverulegur aðbúnaður íbúa). Í matinu eru gæðavísar sem stuðst er við þegar horft er til breytinga á heilsufari og aðbúnaði íbúa. Samanburðarathugun á RAI-mati fyrir árin 2010 til 2017 sýnir að á 16 af 22 gæðavísam er viðvarandi jákvæð þróun hjá ÖA. Um er að ræða atriði eins og minni notkun á 9 eða fleiri ávísuðum lyfjum, færri sem nota geðlyf, róandi lyf og svefnlyf, og dregið hefur úr þvag- og hægðaleka, færri með þunglyndiseinkenni og virkni eykst.

Á árinu var haldið áfram vinnu að bættri hjúkrunarskráningu í rafræna sjúkaskrá (Sögu). Gæðahandbók er rafræn og áfram var unnið að uppbyggingu hennar og notkun, á starfsdögum og í gæðaráði.

Iðja og félagsstarf

Eins og undangengin ár var starfsemi iðju og félagsstarfs afar fjölbreytt á árinu 2017. Í boði var hefðbundið félagsstarf, ýmis konar handverk, upplestrar, spurningahópar, leikfimi, bíósýningar,

bingó, krulla og boccia, söngstundir, kráarkvöld og skemmtanir tengdar árstíðum, s.s. kvennahlaup og ferðalög. Lögð er áhersla á að færa starfsemi iðju og félagsstarfs inn á heimilin og er margs konar hópstarf unnið þar í úmsjá iðjupjálfa og starfsfólks iðju og félagsstarfs.

Eden kaffi er mánaðarlega í Lögmanshlíð og vikulega er opið í Kaffi Sól. Hinir árlegu Gleðidagar voru í byrjun júní og tókust mjög vel. Gestir voru um 400. Í nóvember var árlegt Markaðstorg og það sóttu um 2-300 manns. Unnið var að eflingu starfsemi „Smíðjunnar“ en þar fer fram margs konar smíðavinna og önnur iðja.

Sólskinsklúbstarfið eflist á hverju ári og breytti miklu að lífsneistaklúbðurinn hefur orðið fasta aðstöðu í Glæðheimum fyrir starfsemi sína. Sólskinsklúbbar eru sértækt meðferðarúrræði fyrir einstaklinga með heilabilun. Voru klúbbar að jafnaði alla daga vikunnar, stýrt af iðjupjálfum ásamt starfsmönnum iðju og félagsstarfs og/eða starfsmönnum heimilanna.

Á árinu var fram haldið samstarfi Akureyrarakademiunar og ÖA og felst það í að fræðimenn og rannsakendur í akademíunni koma á ÖA og halda þar fræðsluerindi fyrir íbúa heimilanna.

Sjálfbodaðiðar og gleðivakar

Sjálfbodaðiðar hafa sem aldrei fyrr sett mikinn svip á starfseminu á ÖA og eru ánægjuleg viðbót við aðra starfsemi. Góðir vinir ÖA hafa séð um tónlistarflutning á ýmsum skemmtunum, s.s. kráarkvöldum, þorablóti og einstaka tónlistarskemmtunum um margra ára skeið. Einnig aðstoða fyrrum starfsmenn ÖA, sem ganga undir heitinu „Vinir Hlíðar“, við ýmsa viðburði í Hlíð og Lögmanshlíð og sjá nánast alfarið um undirbúning og bakstur í Kaffi Sól.

Nemendur framhaldsskóla og háskóla komu eins og áður í heimsóknir, starfskynningar og í önnur verkefni. Þá eru ótaldir heimsóknir „vinaskóla og bekkja“ á grunn- og leikskólastigi. Margskonar listafólk hefur glatt starfsfólk og íbúa á árinu, hingað hafa komið kórar, einsöngvarar, dansarar, hljóðfæraleikarar og rithöfundar svo eitthvað sé nefnt. Allt þetta eykur fjölbreytileika lífsins á ÖA og fyrir það er þakkað sérstaklega.



Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum 31. desember 2017

Bæjarstjóri

Eiríkur Björn Björgvinsson

Endurskoðendur

Deloitte hf.

Bæjarstjórn Akureyrar

Matthías Rögnvaldsson forseti bæjarstjórnar
Silja Dögg Baldursdóttir
Dagbjört Elín Pálsdóttir
Sigríður Huld Jónsdóttir
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Gunnar Gíslason
Eva Hrund Einarsdóttir
Bergþóra Þórhallsdóttir til 03.08.2017
Baldvin Valdemarsson frá 03.08.2017
Sóley Björk Stefánsdóttir
Margrét Kristín Helgadóttir til 21.02.2017
Preben Jón Pétursson frá 21.02.2017

Bæjarráð

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður
Sigríður Huld Jónsdóttir
Matthías Rögnvaldsson
Gunnar Gíslason
Sóley Björk Stefánsdóttir
Preben Jón Pétursson áheyrnarfulltrúi

Fastanefndir

Frístundaráð

Silja Dögg Baldursdóttir formaður
Óskar Ingi Sigurðsson
Arnar Þór Jóhannesson
Jónas Björgvin Sigurbergsson
Þórunn Sif Harðardóttir
Vilberg Helgason áheyrnarfulltrúi til 07.02.2017
Alfa Dröfn Jóhannsdóttir áheyrnarfulltrúi frá 07.02.2017

Kjörstjórn

Helga Eymundsdóttir formaður
Þorsteinn Hjaltason
Júlí Ósk Antonsdóttir

Skipulagsráð

Tryggvi Már Ingvarsson formaður
Eva Reykjalín Elvarsdóttir
Ólína Freysteinsdóttir
Sigurjón Jóhannesson
Edward H. Huijbens
Jón Þorvaldur Heiðarsson áheyrnarfulltrúi

Fræðsluráð

Dagbjört Elín Pálsdóttir formaður
Dagný Þóra Baldursdóttir
Siguróli Magni Sigurðsson
Hanna Dögg Maronsdóttir til 17.01.2017
Baldvin Valdemarsson frá 17.01.2017
Preben Jón Pétursson til 17.01.2017
Áshildur Hlín Valtýsdóttir frá 17.01.2017 til 17.08.2017
Brynhildur Pétursdóttir frá 17.08.2017
Anna María Hjálmarsdóttir áheyrnarfulltrúi

Stjórn Akureyrarstofu

Unnar Jónsson formaður
Sigfús Arnar Karlsson
Anna Hildur Guðmundsdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir
Hildur Friðriksdóttir
Eva Dögg Fjölfnisdóttir áheyrnarfulltrúi

Umhverfis- og mannvirkjaráð

Ingibjörg Ólöf Isaksen formaður
Eiríkur Jónsson
Sæbjörg Sýlvía Kristinsdóttir
Gunnar Gíslason
Þorsteinn Hlynur Jónsson
Hermann Ingi Arason áheyrnarfulltrúi

Velferðarráð

Erla Björg Guðmundsdóttir formaður
Róbert Freyr Jónsson
Halldóra Kristín Hauksdóttir
Svava Þórhildur Hjaltalín
Valur Sæmundsson
Guðrún Karítas Garðarsdóttir áheyrnarfulltrúi

Starfsnefndir

Fræðslunefnd
Inga Þóll Þórgnýsdóttir formaður
Karólína Gunnarsdóttir
Halldór Sigurður Guðmundsson
Dagný Magnea Harðardóttir
Tómas Björn Hauksson

Kjarasamninganefnd

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður
Silja Dögg Baldursdóttir
Gunnar Gíslason

Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum/ verkefnum

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar

Bæjarstjóri
Formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs

Unnar Jónsson til 25.04.2017
Matthías Rögnvaldsson frá 25.04.2017
Þórunn Sif Harðardóttir

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar

Baldur Dýrfjörð formaður til 24.08.2017
Júli Ósk Antonsdóttir formaður
Valur Freyr Halldórsson
Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
Hjalti Ómar Ágústsson frá 24.08.2017

Öldungaráð Akureyrarkaupstaðar

Dagbjört Elín Pálsdóttir formaður
Gunnar Gíslason

Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri

Halla Margrét Tryggvadóttir

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs

Hólmkell Hreinsson

Hafnasamlag Norðurlands

Víðir Benediktsson formaður til 04.04.2017
Jóhannes Gunnar Bjarnason formaður
Silja Dögg Baldursdóttir frá 04.04.2017
Linda María Ásgeirsdóttir til 03.01.2017
Ólína Freysteinsdóttir frá 03.01.2017
Baldvin Valdemarsson
Kristín Björk Gunnarsdóttir

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

Jón Ingi Cæsarsson formaður
Hjördís Stefánsdóttir

Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Elín Margrét Lýðsdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir
Helgi Þorbjörn Svavarsson

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra

Jón Heiðar Jónsson

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Sigríður Huld Jónsdóttir formaður
Matthías Rögnvaldsson
Silja Dögg Baldursdóttir
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Sóley Björk Stefánsdóttir
Gunnar Gíslason
Eva Hrund Einarsdóttir
Preben Jón Pétursson

Stjórn Eyþings

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður
Eva Hrund Einarsdóttir

Stjórn Iðnaðarsafnsins á Akureyri

Hulda Sif Hermannsdóttir
Vilhjálmur G. Kristjánsson

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Bæjarstjóri
Sigríður Huld Jónsdóttir
Gunnar Gíslason

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir
Dagbjört Brynja Harðardóttir
Eiríkur Jónsson

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga

Eiríkur Björn Björgvinsson

Veðifélag Eyjafjarðarár

Hermann Brynjarsson

Vetrariþróttamiðstöð Íslands

Siguróli Magni Sigurðsson formaður
Þórunn Sif Harðardóttir

Menningarfélag Akureyrar

Sigurður Kristinsson

Fjölsmiðjan

Fríðbjörg Sigurjónsdóttir

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Halla Margrét Tryggvadóttir

Starfsendurhæfing Norðurlands

Guðrún Sigurðardóttir

Norræna upplýsingaskrifstofan

Hólmkell Hreinsson

Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnnum fyrirtækja

Flokkun ehf

Eiríkur Björn Björgvinsson formaður

Fóðurverksmiðjan Laxá hf

Dan Jens Brynjarsson

Norðurorka ehf

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Gunnar Gíslason
Edward Hákon Huijbens
Fríðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir



Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
Sími 460 1000 | Fax 460 1001
akureyri@akureyri.is
www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

www.akureyri.is

